

**SKOÐUN** Hrefna Sigurjónsdóttir skrifar um rétt barna gagnvart fjölmiðlum. 13



**MENNING** Kvikmynd byggð á tölvuleiknum Halo verður tekin upp hér á landi. 26



**LÍFIÐ** Alexandra Rut opnar ísbúðina Paradís í vikunni. 20



**SPORT** Framarar eru orðnir langþreyttir á loforðum borgarinnar. 22




FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

SONOS

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
24. júní 2014
146. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Iðnnemum fækkar en háskólanemum fjölgar

Nemum í húsasmíði hefur fækkað um 80 prósent síðustu fimm ár. Á sama tíma útskrifaðist metfjöldi úr Háskóla Íslands. 2

**Rukkar ferðamenn** Landeigandi á Stokksnesi rukkar ferðamenn um 600 krónur fyrir að fara um landið. Gengur ekki að selja aðgang að landi sem Landhelgisgæslan leigir, segir forstjóri. 4

**29 úrskurðir** Dómarinn sem dótturfélag Samherja kærði fyrir brot í opinberu starfi veitti úrskurði til leitar og haldlagningar hjá 29 fyrirtækjum á rúmlega tveimur tímum. 6





12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 11° | | SA | 7 |
| Akureyri | 16° | | SA | 5 |
| Egilsstaðir | 12° | | SA | 10 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | | SA | 8 |
| Reykjavík | 12° | | SA | 10 |

**Vætusamt** á landinu S- og V-verðu og SA-strekkingur. Hægari á NA-hluta landsins og bjartviðri. Hiti yfirleitt 10-18 stig, hlýjast NA-lands. 4

## SÉRBLAÐ

Fólk







**STOKKIÐ Í HYLINN** Ferðamenn sem áttu leið um Mýrdalssand í gær gerðu sér að leik að stökkva í hylinn undir þessum fallegu fossum. Á þessum slóðum var hlýtt og gott veður og tilvalið að kæla sig. Hér er það Hekla Fönn sem stekkur í ískaldan hylinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Harka í umgengnismálum

**Málum þar sem foreldrar deila um umgengni við börn sín hefur fjölgað gífurlega síðustu þrettán árin. Að sama skapi koma fleiri mál upp þar sem foreldrar krefjast dagsekta vegna brota á umgengnisrétti.**

**SAMFÉLAGSMÁL** 106 umgengnissamningar voru gerðir hjá Sýslumanninum í Reykjavík árið 2013 en árið 2000 voru þeir 38. Umgengnismál er stofnað þegar annað foreldri eða báðir foreldrar biðja um úrskurð hjá sýslumanni um umgengni eða biðja um staðfestingu á samningi sem þeir gera með aðstoð embættisins.

Á sama tímabili hefur orðið tíföldun á dagsektarmálum. Dagsektarmál er þegar annað foreldrið biður um dagsektir á hendur hinu foreldrinu vegna brots á umgengnissamningi. Málin snúast um umgengni þess sem barnið býr ekki hjá og í flestum tilfellum eru það feður sem sækja rétt sinn.

Eyrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri Sifja- og skiptadeildar hjá Sýslumanninum í Reykjavík, segir að árið 2003 hafi umgengnissamningar fengið réttaráhrif þannig að hægt væri að knýja fram umgengni samkvæmt samningi. Það sé hluti skýringarinnar á fleiri dagsektarmálum en hún tekur þó fram að mörg málanna séu dregin til baka og fari því ekki alla leið í kerfinu.

„Maður myndi ætla að þessi fjölgun tengdist auknu jafnrétti kynjanna. Það hafa orðið miklar breytingar á inntaki umgengninnar og enginn vafi á að tíminn sem feður hafa umgengni við börn sín hefur lengst,“ segir Eyrún.

Önnur ástæða fleiri umgengnismála er að lagasetning frá byrjun árs 2013 skyldar foreldra til að fara í sáttameðferð hjá sýslumanni áður en til forræðismáls kemur fyrir dómstólum.

Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, segir að aukinn fjöldi umgengnismála hjá sýslumanni rími við tilfinningu hennar fyrir aukinni hörku í umgengnismálum. „Ég myndi vilja sjá meiri samskiptahæfni hjá ungu fólki en í staðinn er hnefinn í vaxandi mæli látninn ráða för í andlegum málefnum. Fólk er orðið of upptekið af baráttu, að sigra hinn, í stað þess að hafa þarfir barnanna að leiðarljósi.“

Síðustu tvö ár segist Elísabet hafa orðið vör við meiri uppgjöf hjá fólki vegna fjárhagserfiðleika. „Þegar fólk er komið á þann stað þá er oft styttra í að harka færist í leikinn og minna verður um sættir og samtöl.“

-ebg / sjá síðu 8

**106** umgengnissamningar voru gerðir árið **2013**.

**38** umgengnissamningar voru gerðir árið **2000**.


Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland


Kærasta Arons Jóhannssonar er komin á heimsmeistaramótið í Brasilíu:

# Óraunverulegt að sjá Aron spila



**SPORT** „Tilfinningin að sjá hann koma inn á var mjög óraunveruleg en á sama tíma var ég að rifna úr stolti og var alveg virkilega ánægð fyrir hans hönd. Ég sat algjörlega stjörf og horfði á allan leikinn en það gerist alls ekki oft,“ segir Bryndís Stefánsdóttir, kærasta Arons Jóhannssonar, sem spilar fyrir hönd Bandaríkjanna á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu um þessar mundir.

Aron valdi eins og kunnugt er að spila fyrir bandaríska landsliðið en með tvöfalt ríkisfang og gat því valið á milli Íslands og Bandaríkjanna. Foreldrar og eldri bróðir Arons, umboðsmaður hans, tengdaforeldrar og kærasta héldu öll til Brasilíu hinn 19. júní og sáu bandaríska liðið mæta Portúgal í öðrum leik riðilsins. „Það var algjörlega magnað að heyra alla bandarísku stuðningsmennina hvetja liðið, þeir eru með svakalegt stuðningslið. Við erum í Sao Paulo og hér er fólk úti um allt í landsliðstreyjum sinna liða með fána og í þvílíku stuði,“ segir Bryndís.

> Ég sat algjörlega stjörf og horfði á allan leikinn en það gerist alls ekki oft.
>
> *Bryndís Stefánsdóttir, kærasta Arons Jóhannssonar*

Bandaríska liðið á möguleika á að komast áfram í 16 liða úrslit en liðið er með fjögur stig í sínum riðli líkt og Þjóðverjar. Liðin mætast í lokaleik riðilsins. Gana og Portúgal eru bæði með eitt stig. Fari það svo að tvö lið verði jöfn að stigum í 2. og 3. sæti gildir reglan um fleiri mörk skoruð. -ka / sjá síðu 26


Magnolia Officinalis

Betri svefn, betri líðan





Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup, Lifandi Markaður, Heilsuhúsið og Heilsuhornið Blómavali

## SPURNING DAGSINS



**Ingvar, ætlið þið að leggja keppinautana á hjól og steglur?**

**Kannski ekki alveg en við ætlum allavega að hjóla í þá.**

Ingvar Ómarsson ætlar ásamt liði sínu að hjóla hringinn í kringum landið á 40 klukkustundum í WOE Cyclothon í dag.

Fjórir menn voru dæmdir fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á ársreikningalögum í gær:

# Ákærðu sagðir eiga sér engar málsbætur

**DÓMSMÁL** Birkir Kristinsson, fyrrverandi landsliðsmarkvörður í fótbolta, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur ásamt Jóhannesi Baldurssyni og Elmari Svavarssyni. Magnús Arnar Arngrímsson var dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Þeim var öllum gert að greiða málskostnað en enginn þeirra var viðstaddur dómsuppkvaðninguna.

Fjórmenningarnir voru ákærðir fyrir umboðssvik, markaðsmisnotkun og brot á lögum um ársreikninga í tengslum við 3,8 milljarða lánveitingu Glitnis til félagsins BK-44 í nóvember 2007.

Félagið var í eigu Birkis sem gegndi stöðu viðskiptastjóra hjá einkabankaþjónustu Glitnis. Jóhannes var framkvæmdastjóri markaðsviðskipta, Elmar var verðbréfamiðlari og Magnús Arnar var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs. Ákæran var í sex liðum.

„Dómurinn kom verulega á óvart. Birkir hélt að málinu yrði annaðhvort vísað frá eða hann sýknaður,“ segir Ólafur Eiríksson, lögmaður Birkis, sem staðfesti að málinu yrði áfrýjað af hans hálfu.

Verjendur hinna þriggja hafa einnig staðfest við fréttastofu að niðurstöðunni verði áfrýjað til Hæstaréttar.

Í niðurstöðu héraðsdóms segir meðal annars að hin refsiverðu viðskipti ákærðu hafi varðað verulegum fjárhæðum. Þá var við ákvörðun refsingar litið til þess að verulegt fjárhagslegt tjón hlaust af brotunum og sagt að ákærðu ættu sér engar málsbætur. - fbj



**PUNGAR REFSINGAR** Fjórmenningarnir munu allir áfrýja dómsniðurstöðunni til Hæstaréttar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**PÚTÍN LEGGUR BLÓM Á LEIÐI** Vladimír Pútín, forseti Rússlands, lagði blóm á gröf hins óþekkta hermanns er Rússar minntust innrásar þýska hersins í Rússland. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússar minnast innrásar Þjóðverja í Rússland árið 1941:

## Pútín vill frið í Austur-Úkraínu

**RÚSSLAND Vladimír Pútín, forseti Rússlands, segir mikilvægt að stríðandi fylkingar í Úkraínu sættist og friður komist á. Pútín lét ummælin falla er Rússar minntust þess að 73 ár eru liðin frá því að Þjóðverjar réðust inn í Rússland í seinni heimsstyrjöldinni.**

**Ummælin koma í kjölfar þess að Petró Porosjenkó, forseti Úkraínu, lýsti einhliða yfir vopnahléi í Austur-Úkraínu um helgina. Uppreisnarmenn eru þó ekki taldir líklegir að leggja niður vopn ef marka má heimildir The Guardian.** -ih

135 sóttu um tónlistarstyrki:

## Hæsti styrkurinn 700 þúsund

**MENNING** Úthlutað hefur verið 36 styrkjum úr Tónlistarsjóði til kynningar og markaðssetningar á tónlist og tónlistarfólki. Í ár var úthlutað 9,7 milljónum króna.

Hæsta styrkinn hlaut Þjóðlagahátíð á Siglufirði 2014, 700 þúsund krónur. Næsthæsta styrkinn hlaut Kammerhópurinn Nordic Affect, 600 þúsund krónur.

Skálmöld sf. – tónleikaferðalag um Evrópu 2014 fékk hálfa milljón og LungA – listahátíð unga fólksins jafnháa upphæð. Alls bárust 135 umsóknir um styrki í ár. - jme

Leita að líki tvítugs manns:

## Leiddi hjá sér allar viðvaranir

**BRASILÍA, AP** Björgunarsveitir leita líks tvítugs Bandaríkjamanns sem drukknaði í ölgusjó undan strönd Ríó de Janeiro um helgina.

Slökkviliðsmaður sem hefur umsjón með leitinni segir svo virðast sem Bandaríkjamaðurinn, Richard Fu, hafi leitt hjá sér viðvörunarflögg um að ekki væri óhætt að synda í sjónum út af Praia Grande-ströndinni í Arraial do Cabo.

Strandverðir björguðu tveimur stúlkum sem fóru í sjóinn með unga manninum. - óká

# Skortur á iðnnemum verulegt áhyggjuefni

Nemum í húsasmíði hefur fækkað um 80 prósent síðustu fimm ár. Á sama tíma útskrifaðist metfjöldi úr Háskóla Íslands. Iðnaðarmenn segja manneklu fram undan. Skólastjóri í Tækniskólanum segir stöðuna endurspegla áherslu á bóknám.

**MENNTAMÁL** Útskrifuðum nemum úr iðnnámi hefur fækkað verulega síðustu ár. Árið 2008 útskrifuðust 225 með sveinspróf í húsasmíði en einungis 54 árið 2013. Útskrifuðum pípurum hefur fækkað um rífflega helming milli 2008 og 2013, úr 33 í 14. Um helgina útskrifaðist hins vegar metfjöldi nemenda úr Háskóla Íslands.

„Þetta er bara þróunin í þessu samfélagi. Ungviðinu er öllu beint inn á bóknámsbrautir. Þar bera bæði skólakerfið og foreldrar ábyrgð,“ fullyrðir Guðmundur Hreinsson, skólastjóri Byggingatækniskóla Tækniskólans.

Því til stuðnings bendir Guðmundur á að „... innan við tíu nemendur af 140 sem við munum innrita í haust koma beint úr grunnskóla. Sjötíu til áttatíu prósent af okkar nemum eru eldri nemendur. Jafnvel háskólamenntað fólk sem ekkert hefur gengið að fá vinnu.“

Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara, hefur áhyggjur af þessari þróun. „Það er skortur á iðnaðarmönnum. Okkur vantar bæði vana menn og nýnema í pípulagningar. Markaðurinn er að kalla eftir fólki en það skilar sér ekki í skólana.“

Guðmundur Páll bætir við að brottflutningar iðnaðarmanna eftir bankahrun auki á vandann: „Á tímabili fóru sex iðnaðarmenn á dag til Noregs. Þeir hafa ekki skilað sér heim.“

Sigurður Sigurðsson, formaður Múrarameistarafélags Reykjavíkur, tekur undir að staðan sé áhyggjuefni. Á síðasta ári útskrifuðust sjö með sveinspróf í múraraiðn. „Það þyrfti að útskrifa um fimmtán á ári. Aðsóknin hefur dregist verulega saman frá 2007. Fólk hefur ekki fengist í námið. Síðan hafa múrarameistarar ekki viljað taka að sér lærlinga vegna verkefnaskorts síðustu ára.“

Sigurður segir að nú virðist uppsveifla vera fram undan í byggingargeiranum eftir doða síðustu ára. „Þessar sveiflur gera okkur erfitt fyrir. Nú verður staðan líklega leyst með því að flytja inn iðnaðarmenn líkt og gert var á árunum 2002–2004.“ Sigurður bætir við að það geti hins vegar reynst erfiðara því leiguhúsnæði sé dýrara og launin hlutfallslega lægri á Íslandi en þá.

ingvar@frettabladid.is



**LÍTIL NÝLIÐUN** Iðnaðarmenn hafa miklar áhyggjur af því hve mikið iðnnemum hefur fækkað síðustu ár. FRÉTTBLAÐIÐ/VILHELM



**GUÐMUNDUR PÁLL ÓLAFSON**



**GUÐMUNDUR HREINSSON**

### FJÖLDI ÚTSKRIFAÐRA MEÐ SVEINSPRÓF

| | 2008 | 2013 |
|---|---|---|
| Húsasmíði | 225 | 54 |
| Pípulagnir | 33 | 14 |
| Málaraiðn | 20 | 9 |
| Múraraiðn | 11 | 7 |







Sumarfundi ráðherra EFTA-ríkjanna lýkur í Vestmannaeyjum í dag:

# Viðræður við Rússa áfram á ís

**UTANRÍKISMÁL** Ráðherrafundur EFTA-ríkjanna var haldinn í Vestmannaeyjum í gær. Meginviðfangsefni fundarins var staða fríverslunarviðræðna EFTA-ríkjanna. Samhljómur var meðal ráðherranna um að stefna að því að ljúka samningaviðræðum við Indland eins skjótt og mögulegt væri.

Viðræðum EFTA við tollabandalag Rússlands, Hvíta-Rússlands og Kasakstan var frestað ótímabundið fyrr á árinu og voru ráðherrarnir einhuga um að þráðurinn yrði ekki tekinn upp aftur í viðræðunum fyrr en friðvænlegar horfir í Úkraínu.

Eitt meginviðfangsefna fundarins voru umræður um fríverslunarviðræður ESB og Bandaríkjanna (TTIP). Áréttuðu ráðherrarnir mikilvægi þessara viðræðna fyrir alþjóðlega fríverslun og undirstrikuðu hve brýnt það væri að EFTA-ríkin héldu áfram að fylgjast náið með viðræðunum.

Þá ræddu ráðherrarnir gang viðræðnanna við Víetnam, Malasíu og Indónesíu. - jme



**SJÁVARÞEMA** Skreytingarnar á EFTA-fundinum vöktu mikla athygli, en í þeim var sjávarþemað í aðalhlutverki. Efniviðurinn er margvíslegur, má þar nefna lunda og krabba, net og netakúlur og annað það er sjósókn tengist. Hraunmolar skreyttu fundarsalinn sem og skeljar og sjávargrjót. Fréttablaðið/Óskar Pétur Friðriksson




# Besti smábíllinn - aftur...

**> Ford Fiesta var valinn besti smábíllinn árið 2013 og nú aftur árið 2014 af sérfræðingum virta bílablaðsins Bilmagasinet.**

Evrópubúar eru sammála þessari niðurstöðu því síðustu tvö ár hefur Ford Fiesta selst betur en nokkur annar smábíll í Evrópu. Hann höfðar jafnt til þeirra sem meta akstursánægju og þeirra sem velja sparneytni og öryggi. Komdu og prófaðu þennan snilldar bíl.

## FORD **FIESTA**

BEINSKIPTUR
FRÁ **2.450.000** KR.

SJÁLFSKIPTUR
FRÁ **2.790.000** KR.

Ford

ford.is

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17.

Kynntu þér nánar mest selda smábíl Evrópu:
Hiti er í framsætum og 3,5 tommu upplýsingaskjár í mælaborði. Farangursrýmið er einstaklega rúmt (290 lítra). $CO_2$ gildin eru óvenju lág fyrir bensínvél og hann fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur (bæði sjálfskiptur og beinskiptur). Ford MyKey, brekkuaðstoð og EasyFuel er staðalbúnaður. Öryggispúðarnir eru óvenju margir eða 7 talsins, þar af einn fyrir hné ökumanns. Sérstakt hitaelement er í miðstöð og er hann því mjög fljótur að hitna sem er afar hentugt á köldum vetrarmorgnum!
Ford Fiesta, bensín 65 hö, beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,3 l/100 km. $CO_2$ 99 g/km.
Ford Fiesta, EcoBoost bensín 100 hö, sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,9 l/100 km. $CO_2$ 114 g/km.
Ford Fiesta ST, EcoBoost bensín 182 hö, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,9 l/100 km. $CO_2$ 138 g/km. Kraftaútgáfan Fiesta ST hefur nú þegar hlotið 22 alþjóðlegar viðurkenningar.
Tökum allar tegundir bíla uppí nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

## SVONA ERUM VIÐ



**1.850** **stöðuvötn eru á Íslandi stærri en 0,1 ferkílómetri, samkvæmt bestu manna talningum.**

**Þar af eru 190 stærri en einn ferkílómetri að stærð.**

27 vötn eru stærri en fimm ferkílómetrar, og Þingvallavatn stærst.

Verkfræðingar og aðrir sérfræðingar skipuleggja tilfærslu árinnar í Bleiksárgljúfri svo finna megi Ástu:

# Ein allra hættulegasta leit síðustu tíu ára

**FLJÓTSHLÍÐ** „Okkar vönustu menn muna ekki eftir aðgerð sem er jafnhættuleg og jafnflókin síðustu tíu ár,“ segir Guðbrandur Örn Arnarson, sem stýrir leitinni að Ástu Stefánsdóttur sem hvarf í Fljótshlíð um hvítasunnuhelgina.

Búið er að koma fyrir rörum sem eiga að leiða ána úr Bleiksárgljúfri svo komast megi að ókönnuðum svæðum í gljúfrinu. Hver rörhluti er um 200 kíló að þyngd. „Við erum búin að kafa hylinn við þann foss sem við beinum sjónum okkar að en hann hefur ekki verið leitaður þannig að við séum sátt við árangurinn. Fossinn fellur svo í um það bil tíu metra berggang eða spíral sem við höfum mikinn áhuga á að skoða nánar. Þaðan fer fossinn svo í tuttugu metra frjálsu falli,“ segir Guðbrandur.

Mikil áhætta felst í því að koma rörunum fyrir og segist Guðbrandur ekki vilja að neinn verði nálægt þegar vatninu verður hleypt á ef ske kynni að rörin liðist í sundur. Hann gerir ráð fyrir því að um átta tonn af vatni verði í röravirkinu í einu en vatni verður hleypt á þau á laugardag.

Á bilinu tíu til fimmtán manns hafa farið í skýrslutöku hjá lögreglu vegna hvarfs Ástu og unnustu hennar, Pino Becerra, sem fannst látin við upphaf leitar. Sveinn K. Rúnarsson, yfirlögregluþjónn á Hvolsvelli, segir að vísbendingar bendi ekki til neins annars en að lík Ástu sé í gljúfrinu.

**- ssb**



**RÖRUNUM KOMIÐ FYRIR** Mikinn mannafla þurfti til að koma rörunum fyrir en þau eru ekki tilbúin til að taka við ánni enn sem komið er. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐBRANDUR ÖRN ARNARSON

Bæjarhátíð á Reykhólum:

## Bátadagar á Breiðafirði

**SAMFÉLAGSMÁL** Bátadagar á á Breiðafirði verða haldnir á Reykhólum í sjötta sinn helgina 4. til 6. júlí. Líkt og síðustu ár verður hátíðin tileinkuð súðbyrtum trébátum.

Á laugardeginum er stefnt að því að sýna bátana og kenna yngstu kynslóðinni að róa. Deginum lýkur með því að grillað verður ofan í hátíðargesti.

Á sunnudaginn verður sex til átta tíma sigling á trébátum um næsta nágrenni Reykhóla. Þar verður siglt inn í Þorska-, Gufu- og Djúpafjörð. **-ih**

Ellefu farnir á árinu:

## Tveir bankar nýfarnir í þrot

**BANDARÍKIN, AP** Það sem af er ári hafa ellefu bankar farið á hliðina í Bandaríkjunum. Eftirlitsstofnanir lokuðu núna síðast tveimur lánastofnunum í Illinois og Flórída. 24 bankar urðu gjaldþrota í Bandaríkjunum á síðasta ári.

Alríkisinnstæðutryggingasjóður Bandaríkjanna (FDIC) tók á föstudag yfir Valley Bank í Moline í Illinois. Bankinn var með 13 útibú, eignir upp á 456,4 milljónir dala og innstæður upp á 360 milljónir dala.

Þá hefur FDIC tekið yfir Valley Bank í Fort Lauderdale í Flórída. Sá var með fjögur útibú, eignir upp á 81,8 milljónir dala og 66,5 milljónir dala í innstæðum.

Búist er við að þrot bankanna kosti sjóðinn 51,4 og 7,7 milljónir Bandaríkjadala. **- óká**

## VERKFALLI LOKIÐ

Fimm mánaða löngu verkfalli platínunámuverkamanna í Suður-Afríku lauk í gær.

# LHG hótar landeiganda sem rukkar ferðamenn lögbanni

Landeigandi á Stokksnesi rukkar ferðamenn um 600 krónur fyrir að fara um landið. Gengur ekki að selja aðgang að landi sem Landhelgisgæslan leigir, segir forstjóri. Annaðhvort þetta eða að loka veginum, segir landeigandinn.



**FJÖRUFERÐ** Ferðamenn jafnt sem heimamenn geta búist við að þurfa að greiða 600 krónur fyrir að heimsækja fjöruna á Stokksnesi. MYND/RUNÓLFUR HAUKSSON

**NÁTTÚRA** Falli landeigandinn á Stokksnesi ekki frá nýtilkominni gjaldtöku af ferðamönnum sem fara um landareign hans mun Landhelgisgæsla Íslands (LHG) krefjast lögbanns á gjaldheimtuna, segir Georg Lárusson, forstjóri stofnunarinnar.

Landeigandinn lokaði um helgina veginum fyrir óviðkomandi umferð, og rukkar þá sem aka um hann um 600 krónur. Landareign hans liggur sunnan við Þjóðveg 1. Á henni er Stokksnes, þar sem Atlantshafsbandalagið reisti og rak ratsjárstöð. Nú hefur LHG tekið við rekstri stöðvarinnar, og leigir því hluta landsins undir starfsemina.

Georg segir landeigandann ekkert samráð hafa haft við Gæsluna um að loka veginum, sem liggur meðal annars að ratsjárstöðinni. Vegurinn liggur líka nálægt fjöru sem hefur verið vinsæll áfangastaður fyrir bæði ferðamenn og fjölskyldufólk frá Höfn í Hornafirði, sem liggur um fimm kílómetrum vestar.

„Við erum algerlega á móti þessu, þetta kemur ekki til greina,“ segir Georg. „Hann er búinn að leigja okkur landið og ef hann lætur ekki af þessu strax verðum við að grípa til viðeigandi ráðstafana.“

Hann segir ekki koma til greina að heimila landeigandanum að rukka fyrir aðgang að landi sem ríkið leigi fyrir verulega upphæð. Hann segir að svæðið sem LHG leigi sé miklu stærra en sá hluti sem liggur innan girðingar í kringum ratsjárstöðina sjálfa.

„Það er tvennt í þessu, gera þetta eða loka veginum,“ segir Ómar Antonsson, eigandi jarðarinnar. Hann segir að ríkið hafi ekki viljað taka þátt í viðhaldi vegarins og því sé ekkert annað að gera fyrir sig en að taka upp gjald fyrir ferðamenn.

„Ég er ekki að taka gjald fyrir það sem ég ætla að gera í framtíðinni, ég er búinn að byggja upp þjónustuna,“ segir Ómar. Hann rekur kaffihúsið Viking Café, sem er um kílómetra frá fjörunni. Hann segist hafa boðið upp á salernisþjónustu síðustu fjögur ár án þess að rukka krónu fyrir.

Ómar segir talningu sýna að 10 þúsund bílar fari um veginn á hverju ári. Talsverður hluti af því séu rútur. Út frá því megi áætla að um 40 þúsund manns fari um svæðið á hverju ári.

„Ef menn eru í voðalegri fýlu þá verða menn bara að vera það,“ segir Ómar. Hann segir þó engan í slag við fólk, það komi einfaldlega inn, greiði sitt gjald og geti svo gengið um svæðið að vild.

Hann segir að hingað til hafi enginn amast við gjaldinu, ferðamenn hafi greitt með glöðu geði.

Ómar segist hafa reynt að fá Landhelgisgæsluna til að taka þátt í kostnaði við viðhald vegarins, en þar á bæ hafi menn bent á Vegagerðina. Vegagerðin hafi hins vegar ekki viljað greiða neitt.

Georg segir að Landhelgisgæslan geti ekki amast við því að landeigandinn setji upp hlið fyrir neðan afleggjarann að ratsjárstöðinni, og selji aðgang á þann hluta landsins sem gæslan leigi ekki.

„Málið er einfalt, hann hefur ekki heimild til að selja inn á það svæði sem við leigjum,“ segir Georg. Hann segir þá staði sem ferðamenn sæki mest í innan svæðisins sem ríkið sé með á leigu, og því hafi landeigandinn ekki mikið eftir til að selja.

**brjann@frettabladid.is**



> **Málið er einfalt, hann hefur ekki heimild til að selja inn á það svæði sem við leigjum.**
>
> *Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslu Íslands*




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**RIGNING S- OG V-LANDS** í dag og bjart að kalla NA-lands. Hvassast SV-lands, 10-18m/s en annars 3-10m/s. Á morgun verður rigning SA- og A-lands og örlítil súld á köflum í öðrum landshlutum. Hiti yfirleitt 10-18 stig út vikuna, hlýjast N- og NA-lands.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 26° | Friedrichshafen | 22° | New York | 26° |
| Aþena | 32° | Gautaborg | 19° | Orlando | 32° |
| Basel | 28° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 21° |
| Berlín | 18° | Las Palmas | 24° | París | 25° |
| Billund | 18° | London | 21° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 24° | Mallorca | 33° | Stokkhólmur | 17° |




**Á MORGUN** Fremur hæg SA-læg átt.




**FMMTUDAGUR** Yfirleitt 3-12m/s, hvassast SV-lands.

**Vordís Eiríksdóttir** veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

Suzuki — Way of Life!

# SX4 S-CROSS

# Nýr fjórhjóladrifinn sjálfskiptur Suzuki S-Cross.

## Verð aðeins kr. 4.880.000





SX4 S-Cross er nýjasti jepplingurinn frá Suzuki.
Einstaklega rúmgott farþega- og farangursrými er eins og hannað fyrir kylfinga.
Nægilegt pláss fyrir 2-3 golfsett og 2 kerrur í farangursrými.
S-Cross kemur með öflugri og sparneytinni vél.
Eyðsla aðeins 5,7 l/100 km í blönduðum akstri



ALLGRIP

Golfvörurnar á myndunum fást í Golfskálanum, Mörkinni 3
www.golfskalinn.is

### MEÐAL RÍKULEGS STAÐALBÚNAÐAR:

- All Grip, eitt fullkomnasta fjórhjóladrifskerfi sem völ er á
- Garmin leiðsögukerfi með íslenskum kortum
- Bakkmyndavél
- Lykillaust aðgengi og ræsing
- Tvískipt loftkæling
- 7 öryggisloftpúðar
- Hraðastillir (cruise control)
- Fullkomið hljómkerfi með 7 hátölurum og BlueTooth
- Álfelgur
- Dökkar rúður

## Komið og reynsluakið

EURO NCAP — For safer cars — www.euroncap.com ★★★★★

Hugtök Markaðsráðgjöf, júní 2014

SUZUKI SPARNEYTNI

SUZUKI

TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað hefur átt stærstan þátt í útbreiðslu ebólaveirunnar í Gíneu?
**2.** Hvers konar spellvirki voru ferðamenn staðnir að verki við á Teigarhorni?
**3.** Hvers vegna verða felldar niður strætisvagnaferðir á leið 2 á Akureyri í sumar?

**SVÖR:**

**1.** Greftrunarsiðir heimamanna. **2.** Að brjóta niður einstakar jarðmyndanir. **3.** Ekki tókst að manna afleysingar.

Þrýst á írösk stjórnvöld um að stjórna með tilliti til hagsmuna allra:

# Bandaríkin skora á al Maliki

**ÍRAK, AP** John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kom til Íraks í gær til þess að þrýsta á Núrí al Maliki forsætisráðherra, sem er sjíamúslimi, um að taka meira tillit til hagsmuna súnnía og kúrda.

Bandarískir ráðamenn hafa hvatt til þess að mynduð verði ný stjórn í Írak, þar sem hagsmunum allra þjóðernishópa verði gert jafnhátt undir höfði.

Öfgamenn úr röðum súnní-múslima hafa á skömmum tíma náð völdum í stórum hluta landsins. Óvæntur árangur þeirra hefur verið skrifaður meðal annars á reikning stjórnarhátta al Malikis, sem gagnrýndur hefur verið fyrir að draga taum sjía-múslima umfram annarra.

Í síðustu viku tók Ali al Sistani, andlegur leiðtogi sjía í Írak, í sama streng og Bandaríkjamenn og skoraði á al Maliki að vinna með öðrum þjóðernishópum.

Al Maliki hefur enn ekki komið saman nýrri ríkisstjórn, en þingkosningar voru haldnar í landinu í apríl. Óvíst er hvort honum tekst það, þar sem gagnrýni á hann kemur ekki lengur aðeins frá súnníum og kúrdum heldur er hún tekin að berast einnig innan úr röðum sjía-múslima.

- gb



**VIÐRÆÐUR Í BAGDAD** John Kerry ásamt Núrí al Maliki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP






**UMDEILDAR HÚSLEITIR** Brotin sem dómarinn er kærður fyrir varða sektum eða fangelsi allt að þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Dómari snöggur að afgreiða flókna úrskurði

Dómarinn sem dótturfélag Samherja kærði fyrir brot í opinberu starfi veitti úrskurði til leitar og haldlagningar hjá 29 mismunandi fyrirtækjum á rúmlega tveimur tímum frá því honum barst beiðni frá Seðlabankanum þess efnis.

**LÖGREGLUMÁL** Í kæru dótturfélags Samherja á hendur Ingveldi Einarsdóttur, fyrrverandi héraðsdómara og nú hæstaréttardómara, kvartar fyrirtækið meðal annars yfir því hversu fljót hún var að veita úrskurðina sem heimiluðu þvingunaraðgerðirnar.

Úrskurðirnir voru veittir vegna rannsóknar Seðlabanka Íslands á meintum brotum Samherja og tengdra fyrirtækja á gjaldeyrislögum.

„Að vel athuguðu máli ákváðum við að fara þessa leið, að kæra til lögreglunnar vegna þess að við teljum að lögreglan sé eini aðilinn sem getur raunverulega upplýst hvað gerðist í þessu þinghaldi,“ segir Þorsteinn Már Baldvinsson, forstjóri Samherja, í samtali við Fréttablaðið.

Í kærunni segir að Seðlabankinn hafi upphaflega farið fram á heimild hjá héraðsdómi til aðgerðanna þann 23. mars 2012. Annar dómari veitti tvo úrskurði sem heimiluðu aðgerðirnar, gegn Samherja og nítján öðrum tengdum fyrirtækjum, daginn eftir.

Þremur dögum síðar mættu starfsmenn bankans á starfsstöðvar Samherja og hinna fyrirtækjanna til að hefja aðgerðirnar. Í kærunni segir: „Við upphaf aðgerðanna var úrskurðunum andmælt og bent á að það væri ómögulegt að framfylgja úrskurðunum,“ á nánar tilteknum grundvelli. Því er haldið fram að úrskurðirnir hafi verið of víðtækir og ónákvæmir. Þá hafi ýmsir aðrir agnúar verið á þeim.



**ÞORSTEINN MÁR BALDVINSSON**
Forstjóri Samherja

Í kjölfarið voru aðgerðirnar stöðvaðar og Seðlabankinn fór með nýjar beiðnir um húsleit og haldlagningu til héraðsdóms. Í nýjum beiðnum hafði verið bætt við tíu félögum en að öðru leyti voru þær, rökstuðningur þeirra og upptalin gögn óbreytt frá fyrri beiðnum. „Ekki var fyrir að fara neinum rökstuðningi fyrir því að þeim fyrirtækjum var bætt við og því síður var vísað til nýrra gagna eða upplýsinga,“ segir í kærunni.

Laust eftir hádegi sama dag, eða aðeins rúmlega tveimur tímum síðar, kvað hinn kærði héraðsdómari, Ingveldur Einarsdóttir, upp nýja úrskurði sem fyrir utan tíu nýju nöfnin voru algjörlega sambærilegir fyrri úrskurðum.

Dótturfélag Samherja telur það brot á lögum að fulltrúar þess hafi ekki verið boðaðir í fyrirtöku þegar hinir nýju úrskurðir voru kveðnir upp, þrátt fyrir að vera kunnugt um aðgerðirnar, enda var vettvangur vaktaður af lögreglu. Þá hafa fyrirtækin ekki getað sannreynt að gögn og fylgiskjöl hafi yfir höfuð verið lögð fram fyrir hinn nýja dómara, þar sem umrædd gögn séu ekki í vörslum dómsins þrátt fyrir lagaskyldu þess lútandi.

„Dómarinn meinaði okkur aðgang að réttarhaldinu og hann hélt ekki eftir þeim gögnum sem eiga að hafa verið lögð fram og virðist hafa afgreitt beiðnirnar án þess að kynna sér þær með þeim hætti sem lög kveða á um. Niðurstaðan var úrskurðir um húsleit og haldlagningu hjá fjölda fyrirtækja sem hvorki fyrr né síðar voru grunuð um nokkurt brot,“ segir Þorsteinn.

andri@frettabladid.is

### AÐGERÐIR SEÐLABANKANS HJÁ SAMHERJA Í MARS 2012

**23. mars 2012**
Seðlabanki Íslands fer fram á leitar- og haldlagningarúrskurði við Héraðsdóm Reykjavíkur hjá Samherja og nítján tengdum félögum.

**24. mars 2012**
Ingimundur Einarsson dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur fellst á beiðnir Seðlabanka Íslands.

**27. mars 2012, Kl. 9.00**
Fjöldi manna á vegum Seðlabankans mætir á starfsstöðvar Samherja og annarra fyrirtækja til verksins. Við upphaf aðgerðanna er þeim mótmælt. Aðgerðir stöðvaðar í kjölfarið og nýjar beiðnir sendar til héraðsdóms. Starfsstöðvarnar vaktaðar af lögreglu á meðan.

**27. mars 2012, Kl. 12.00**
Nýir úrskurðir kveðnir upp til leitar og haldlagningar hjá fyrirtækjunum auk tíu nýrra fyrirtækja. Fulltrúi Samherja er ekki boðaður til fyrirtöku.



• SUMARÚTSALA •
SÍÐUSTU DAGAR
30-50% AFSLÁTTUR
Svæðaskipt heilsurúm
90 x 200 cm
Verð frá 69.900.-
Svæðaskipt heilsurúm
160x200 cm
Verð frá 139.200.-
Sérsmíðum heilsurúm
í öllum stærðum.
Dýnur og botna.
FAGLEG RÁÐGJÖF OG
FRÍ LEGUGREINING
Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu
faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!
sabrino
Ítölsk hágæða sófasett
Rýmingarsala
65% afsláttur af sýningarsófum
VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótel og gistiheimili
RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is
VERSLUNIN
Rúm Gott
ÍSLENSK HEILSURÚM

# Meiri harka í umgengnismálum

Málum þar sem foreldrar deila um umgengni á börnum hefur fjölgað gífurlega síðustu þrettán árin. Að sama skapi koma fleiri mál upp þar sem foreldrar krefjast dagsekta vegna brots á umgengnisrétti. Hnefinn er í auknum mæli látinn ráða för, segir félagsráðgjafi.

Erla Björg Gunnarsdóttir
erlabjorg@365.is



Árið 2013 voru 106 umgengnissamningar gerðir hjá Sýslumanninum í Reykjavík. Það er mikil fjölgun frá því sem áður var en eingöngu 38 samningar voru gerðir árið 2000. Umgengnismál er stofnað þegar annað eða báðir foreldrar biðja um úrskurð hjá sýslumanni um umgengni eða biðja um staðfestingu á samningi sem þeir gera með aðstoð embættisins.

Á sama tímabili hefur orðið tíföldun á dagsektarmálum. Dagsektarmál er þegar annað foreldrið biður um dagsektir á hendur hinu foreldrinu vegna brots á umgengnissamningi. Málin snúast um umgengni þess sem barnið býr ekki hjá og í flestum tilfellum eru það feður sem sækja rétt sinn.

Eyrún Guðmundsdóttir, deildarstjóri sifja- og skiptadeildar hjá Sýslumanninum í Reykjavík, segir að árið 2003 hafi umgengnissamningar fengið réttaráhrif þannig að hægt væri að knýja fram umgengni samkvæmt samningi. Það sé hluti skýringarinnar á fleiri dagsektarmálum en hún tekur þó fram að mörg málanna séu dregin til baka og fari því ekki alla leið í kerfinu.

„Maður myndi ætla að þessi fjölgun tengdist auknu jafnrétti kynjanna. Það hafa orðið miklar breytingar á inntaki umgengninnar og enginn vafi leikur á að tíminn sem feður hafa umgengni við börn sín hefur lengst,“ segir Eyrún.



**SÝSLUMAÐURINN Í REYKJAVÍK** Umgengnismálum hjá sýslumannsembættunum hefur fjölgað gífurlega eftir að sú breyting var gerð á lögum að foreldrar skuli leita sátta áður en til dómsmála kemur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Önnur ástæða fleiri umgengnismála er að lagasetning frá byrjun árs 2013 skyldar foreldra til að fara í sáttameðferð hjá sýslumanni áður en til forræðismáls kemur fyrir dómstólum.

„Það er lögfest að foreldrar reyni að finna lausn saman í stað þess að yfirvald taki svo stóra ákvörðun um líf barns,“ segir Eyrún.

Sýslumaður getur úrskurðað um umgengnismál ef samningar nást ekki. Ef sáttameðferð ber ekki árangur er áframhald málsins ekki hjá sýslumanni heldur fyrir dómstólum.

## FJÖLDI UMGENGNISMÁLA




## Foreldrar í stríði í stað þess að hugsa um þarfir barnanna



Elísabet Berta Bjarnadóttir, félagsráðgjafi hjá Fjölskylduþjónustu kirkjunnar, veitir fólki hjónabands- og skilnaðarráðgjöf. Fjölgun umgengnismála hjá sýslumanni rímar við tilfinningu hennar fyrir aukinni hörku í þeim málum. Hún segir Grettistaki hafa verið lyft í bættum og auknum samskiptum feðra við börn sín sem sé afar jákvæð þróun en á móti sé vaxandi karllægt baráttuviðhorf í samfélaginu.

„Ég myndi vilja sjá meiri samskiptahæfni hjá ungu fólki en í staðinn er hnefinn í vaxandi mæli látinn ráða för í andlegum málefnum. Fólk er orðið of upptekið af baráttu, að sigra hinn, í stað þess að hafa þarfir barnanna að leiðarljósi.“

Síðustu tvö ár hefur Elísabet orðið vör við meiri uppgjöf hjá fólki vegna fjárhagserfiðleika. „Þegar fólk er komið á þann stað þá er oft styttra í að harka færist í leikinn og minna verður um sættir og samtöl. Þetta tengist líka fjárhagsstöðu. Maður hefur séð foreldra sem vilja jafna umgengni til að þurfa ekki að borga meðlag og sömuleiðis foreldra sem hafna jafnri umgengni því þá missa þeir af meðlaginu,“ segir Elísabet og bætir við að aukið jafnrétti kynjanna í forsjár- og umgengnismálum búi til nýjar áskoranir og spurningar sem þurfi að svara.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA




Á vit ævintýranna í nýjum ŠKODA Yeti Outdoor.

**Betri eru þúsundir stjarna á næturhimni en fimm stjörnur á hóteli.** Þú getur að hvar sem þér dettur í hug, þökk sé torfærustillingunni í Yeti. Þú getur slappað af og látið fara vel um þig þótt undirlagið sé ójafnt. Þú kemst heilu og höldnu á leiðarenda og VarioFlex aftursætakerfið tryggir að þú getir tekið allan nauðsynlegan aukabúnað með þér. Geymslurými er aldrei vandamál því þú býrð einfaldlega til pláss með því að færa til aftursætin.
Þá kemur sér ekki síður vel að vera með dráttarkúlu sem staðalbúnað. Leggðu drög að óbyggðaferðinni strax í dag með því að fá reynsluakstur hjá ŠKODA. Nú fæst sjálfskiptur Yeti á enn betra verði en áður.

ŠKODA Yeti Outdoor
kostar frá 5.220.000,-

**HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is**
Umboðsmenn um land allt: Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

skoda.is




**Miðasala** » www.sinfonia.is » www.harpa.is » Miðasala í Hörpu » Sími: 528 5050 » Opið 9–18 virka daga 10–18 um helgar





# Réttarhöldin sögð vera skrípaleikur

**Þrír fréttamenn voru dæmdir í Egyptalandi fyrir „villandi fréttaflutning“ sem á að jafnast á við hryðjuverkastarfsemi. „Hvern drap hann?“ spyr móðir eins fréttamannanna. Bandaríkin nýbúin að samþykkja frekari hernaðaraðstoð.**

**EGYPTALAND** Þrír fréttamenn frá fréttastöðinni Al Jazeera voru í gær dæmdir í sjö ára fangelsi fyrir tengsl við hryðjuverkastarfsemi í Egyptalandi. Þeim var gefið að sök að hafa stutt Bræðralag múslima og flutt falsaðar fréttir af mótmælum í landinu á síðasta ári.

Réttarhöldin hafa verið harðlega gagnrýnd fyrir að vera tilraun til að koma höggi á fréttastöðina, sem egypsk stjórnvöld hafa ítrekað sakað um hlutdrægni. Mannréttindasamtökin Amnesty International kalla réttarhöldin skrípaleik og segja saksóknurum ekki hafa tekist að koma með eina einustu staðreynd máli sínu til sönnunar. Fréttamennirnir þrír virtust furðu lostnir þegar dómurinn var kveðinn upp. Ættingjar þeirra í réttarsalnum komu vart upp orði.

„Þeir munu fá að greiða fyrir þetta,“ sagði Mohamed Fahmy, einn fréttamannanna þriggja. „Sá einhver minnstu sannanir gegn þeim?“ spurði móðir hans, Wafa Bassiúni. „Hvern drap hann?“

Fahmy er egypsk-kanadískur, en hinir tveir eru Peter Greste frá Ástralíu og Baher Mohammed frá Egyptalandi.

„Við erum furðu lostin, algerlega furðu lostin vegna þessa dóms,“ sagði Julia Bishop, utanríkisráðherra Ástralíu, við blaðamenn í Canberra. „Með þessum dómi er ekki beinlínis verið að senda heiminum þau skilaboð að Egyptalandi sé að takast að breytast í lýðræðisríki.“

John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, hafði á sunnudag reynt að fá egypska ráðamenn til þess að virða reglur lýðræðis og réttarríkis. Hann sagði að Abdel Fattah el Sissi forseti hefði sýnt mikinn áhuga á að taka réttarkerfið til endurskoðunar.

El Sissi hefur verið valdamesti maður Egyptalands frá því hann steypti Mohammed Morsi, lýðræðislega kjörnum forseta landsins, af stóli á síðasta ári.

Bandaríkin eru raunar nýbúin að samþykkja að veita Egyptum 572 milljónir dala í hernaðaraðstoð. Bandaríkin hafa einnig lofað að útvega Egyptum tíu herþyrlur af Apache-gerð. Þessi hernaðaraðstoð kemur til viðbótar 200 milljónum dala í efnahagsaðstoð frá Bandaríkjunum. **gudsteinn@frettabladid.**

## Fjöldaréttarhöldin í Egyptalandi

Frá því herinn steypti lýðræðislega kjörinni stjórn Mohammeds Morsi af stóli fyrir tæpu ári hafa meira en 1.200 liðsmenn Bræðralags múslima hlotið dauðadóm.




Heimild: Death Penalty Worldwide database Mynd: Getty Images © GRAPHIC NEWS



**Í RÉTTARSALNUM** Fréttamennirnir Mohammed Fahmy, Peter Greste og Baher Mohammed í búri sakborninga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP





MIÐVIKUDAGINN 25. JÚNÍ KL. 13:00-16:30 Í ÖSKJU 132

**Opið málþing** á vegum Rannsóknaseturs um smáríki við Háskóla Íslands og Evrópustofu í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála og Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Málþingið er hluti af alþjóðlegum sumarskóla Rannsóknaseturs um smáríki sem nú er haldinn í tólfta sinn.

13:00 **Opnunarávarp**
**Ólafur Þ. Harðarson**, stjórnarformaður Rannsóknaseturs um smáríki og prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

**FYRSTI HLUTI:** SMÁRÍKI INNAN EVRÓPSKA EFNAHAGSSVÆÐISINS

13:05 **AÐALFYRIRLESARI: Umbætur í stjórnsýslu: Noregur í evrópsku samhengi**
**Per Lægreid**, prófessor við Háskólann í Bergen

13:35 **Undanþágur smáríkja: Frumlegar sérlausnir Liechtenstein**
**Christian Frommelt**, fræðimaður við Liechtenstein Institute

**ANNAR HLUTI:** SMÁRÍKI OG EVRÓPUSAMBANDIÐ

13:55 **Smáríki og framkvæmdastjórn ESB: Tækifæri til áhrifa**
**Caroline Grøn**, lektor við Kaupmannahafnarháskóla

14:15 **Smáríki innan ESB: Reynsla Möltu**
**Roderick Pace**, prófessor við Háskólann á Möltu

14:35 *Kaffihlé*

**ÞRIÐJI HLUTI:** ÍSLAND EFTIR HRUN

15:00 **Átti smæð íslensku stjórnsýslunnar þátt í efnahagshruninu?**
**Baldur Þórhallsson**, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og rannsóknastjóri Rannsóknaseturs um smáríki

15:20 **Stjórnsýsluumbætur eftir hrunið**
**Gunnar Helgi Kristinsson**, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

15:40 **Félagsleg nálgun á stefnu og stjórnsýslu smáríkja**
**Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir**, lektor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands

16:00 **Samantekt**
**Michael Corgan**, dósent við Boston háskóla

16:20 **Lokaorð**
**Pia Hansson**, forstöðumaður Rannsóknaseturs um smáríki

Fundurinn fer fram á ensku. Boðið verður upp á kaffiveitingar. Allir velkomnir.
Nánari upplýsingar: www.ams.hi.is og www.evropustofa.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS STOFNUN STJÓRNSÝSLUFRÆÐA OG STJÓRNMÁLA
HÁSKÓLI ÍSLANDS FÉLAGSVÍSINDASVIÐ STJÓRNMÁLAFRÆÐIDEILD
Evrópustofa Upplýsingamiðstöð ESB
Education and Culture Lifelong Learning Programme JEAN MONNET
ALÞJÓÐAMÁLASTOFNUN RANNSÓKNASETUR UM SMÁRÍKI HÁSKÓLI ÍSLANDS


Olíutankur í Ytriflóa fannst við leit en ákveðið var að láta hann liggja:

# Ógnar ekki lífríkinu í Mývatni

**UMHVERFISMÁL** Olíutankur sem sökk í Ytriflóa í Mývatni fyrir áratug er ekki lengur talinn alvarleg ógn við lífríki vatnsins. Kafarar Landhelgisgæslunnar staðsettu tankinn í vatninu í sérstökum leitarleiðangri fyrstu dagana í maí.

Kafararnir fundu án mikillar fyrirhafnar stóran málmhlut rúmum metra undir botnseti skammt frá þeim stað þar sem talið var að tankurinn hefði farið í vatnið. Yfirgnæfandi líkur eru á því að þar sé olíutankurinn fundinn en ekki er talið nauðsynlegt, eða æskilegt, að reyna að fjarlægja hann.

Að mati Árna Einarssonar, hjá Náttúrurannsóknastöðinni við Mývatn, er lítil tæring í súrefnissnauðu seti vatnsins og ryðgar tankurinn því afar hægt. Óvíst er hvort og hversu mikil olía er enn í tanknum en talið er að í honum hafi verið milli 200 og 500 lítrar þegar hann fór í vatnið árið 2004. Hugsanlegt er að olían hafi þegar lekið út. Ljóst þykir hins vegar að aðgerðir við að fjarlægja tankinn myndu hafa í för með sér rask.

Til þess að gæta ýtrustu varkárni hefur verið unnin viðbragðsáætlun við olíuleka, fjárfest verður í mengunarvarnarbúnaði og staðurinn vaktaður. **- shá**



**MÝVATN** Svo niðurgrafinn er tankurinn á botni vatnsins að hann er ekki talinn ógna lífríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Í 9 AF 10 EFSTU SÆTUNUM*



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



SAMSUNG



ANNAÐ MERKI



SAMSUNG









## LOFORÐ ERU EITT - STAÐREYNDIR ANNAÐ

**SAMSUNG** SJÓNVÖRP HAFA FENGIÐ MJÖG LOFSAMLEGA DÓMA UM HEIM ALLAN FYRIR NÝSTÁRLEGA OG FULLKOMNA TÆKNI OG FRÁBÆR MYNDGÆÐI. VIÐ HJÁ **SAMSUNG SETRINU** OG **ORMSSON** HÖFUM ÞESS VEGNA LEYFT OKKUR AÐ FARA MEÐ HÁSTEMMT LOF UM SAMSUNG SJÓNVÖRPIN Í AUGLÝSINGUM OKKAR - ENDA FULL ÁSTÆÐA TIL!

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

SÍÐUMÚLA 9
REYKJAVÍK
SÍMI 530 2900

ORMSSON

LÁGMÚLI 6-8
REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800

VERSLANIR OG UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

* **BIRT Á MBL.IS** 16.6.2014 - HTTP://WWW.MBL.IS/FRETTIR/TAEKNI/2014/06/16/SAMSUNG_I_NIU_AF_TIU_EFSTU_SAETUNUM/
**BIRT Á VB.IS** 17. JÚNÍ 2014 - HTTP://WWW.VB.IS/EFTIRVINNU/106449/

Er upplausnin afleiðing af innrásinni 2003?

# Flókin staða í Írak

Mikið óvissu- og upplausnarástand er nú í Írak. Öfgasamtökin ISIS hafa náð á sitt vald stórum landsvæðum í norðurhluta landsins og ráða meðal annars landamærastöðvum á mörkum Íraks og Sýrlands og Jórdaníu. ISIS segist berjast fyrir málstað súnní-múslíma, sem eru minnihlutahópur í Írak. Raunveruleg hætta er á að landið klofni með tilheyrandi ófriði, í heimshluta sem mátti ekki við meiri stríðsátökum.

Eftir að þessi átök hófust í Írak hafa margir orðið til að færa rök fyrir því að upplausnina í landinu megi rekja til ákvörðunar vestrænna ríkja, undir forystu Bandaríkjanna, um að ráðast inn í landið árið 2003 og steypa Saddam Hussein af stóli. Það er margt til í þeirri gagnrýni, en hún er þó ekki að öllu leyti réttmæt.



**Ólafur Þ. Stephensen**
olafur@frettabladid.is

Innrásin var vissulega mistök og byggð á fölskum forsendum um gereyðingarvopn, sem Saddam átti ekki lengur. Það voru líka áreiðanlega slæm mistök að hreinsa jafnrækilega út úr stofnunum samfélagsins og gert var, þar á meðal hernum. Margir ISIS-liðar eru vel þjálfaðir fyrrverandi liðsmenn í her Saddams. Ekki fer heldur á milli mála að stjórnvöldum í Írak, undir forystu Núrís al Maliki forsætisráðherra, hefur mistekizt hrapallega að tryggja samstjórn allra þjóðernis- og trúarhópa í landinu, sem er forsenda fyrir því að hægt sé að halda þessu brothætta ríki saman.

Hins vegar virðist oft gleymast að Saddam hélt Írak saman með harðstjórn, kúgun og manndrápum. Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra Bretlands og einn þeirra sem tóku ákvörðun um innrásina á sínum tíma, bendir í grein í Financial Times um helgina á að mönnum yfirsjáist gjarnan tvennt í umræðunni um orsakir núverandi ástands í landinu. Annars vegar að ISIS hafi getað nýtt ringulreiðina í Sýrlandi til að skipuleggja sókn sína í Írak. Aðgerðaleysi Vesturlanda hafi að því leyti haft alvarlegar afleiðingar.

Hins vegar bendir Blair á að byltingarhreyfingin, sem kennd er við arabíska vorið, hefði fyrr eða síðar komið til Íraks. Svar Saddams við henni, hefði hann enn verið við völd, hefði væntanlega verið meira í stíl við viðbrögð Bashars al-Assad í Sýrlandi en Hosnis Mubarak í Egyptalandi. Blair heldur því þannig fram að jafnvel þótt engin innrás hefði verið gerð 2003 væri samt stórt vandamál við að glíma í Írak þessa dagana.

Bandaríkjamenn hafa ákveðið að senda 300 hernaðarráðgjafa til Íraks til að aðstoða stjórnarherinn við að verjast ISIS. Stjórn al Malikis biður um loftárásir á sveitir samtakanna, en í ljósi sögunnar er afar vafasamt að stjórn Obamas Bandaríkjaforseta hafi nokkurn pólitískan stuðning til að ráðast aftur í hernaðaraðgerðir í Írak.

Staðan þar, rétt eins og í Sýrlandi, er skelfilega flókin og ekki auðvelt að sjá hvernig á að koma í veg fyrir að átökin magnist enn. Sem stendur er það rétt afstaða sem John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, setti fram á fundum með íröskum stjórnvöldum í gær, að skilyrða hvers kyns aðstoð Bandaríkjanna við að mynduð verði ný ríkisstjórn í landinu, þar sem meirihluti sjía deili raunverulega völdum með súnníum og Kúrdum.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edward **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871

NÁTTÚRULÆKNINGAFÉLAG REYKJAVÍKUR

**Létt göngu- og grasaferð Náttúrulækningafélags Reykjavíkur í Heiðmörk í dag 24. júní kl. 18:0**

Ásdís Ragna Einarsdóttir grasalæknir verður leiðbeinandi í ferðinni. Hún mun leiða okkur í sannleikann um fjölbreytta flóru Heiðmerkur sem nota má í te, krydd og matargerð.

Áætlað að ferðin taki 2.klst.
Boðið upp á hressingu í lokin

**Skráning í síma 552-8191/860-6525, eða á netfangið nlfi@nlfi.is**



## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hinar og þessar skammstafanir**

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði fyrir um ári að hann hefði ekki miklar áhyggjur af því hvað OECD og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyndist um skuldaleiðréttingarfrumvarp ríkisstjórnarinnar. Hann sagðist raunar ekki hafa miklar áhyggjur af því hvað „hinum og þessum skammstöfunum“ fyndist um frumvarpið. Nú hefur Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra gefið það út að stjórnvöld hyggist ráða til sín erlenda ráðgjafa til að aðstoða við afnám gjaldeyrishaftanna. Þannig hafa íslenskir embættismenn rætt við ýmis ráðgjafafyrirtæki í London. Það er vonandi fyrir forsætisráðherra að heiti þessara ráðgjafafyrirtækja séu ekki skammstafanir – ellegar er víst lítið mark á þeim takandi.



**Fyrirlitning og fjandskapur**

Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri, var í viðtali á fréttavef kanadíska blaðsins Toronto Star þar sem nýútkomin bók hans var meðal annars til umfjöllunar. Í viðtalinu upplýsir Jón meðal annars að þegar árangur Besta flokksins hafi legið ljós fyrir í borgarstjórnarkosningunum árið 2010 hafi sjálfstæðismenn ekki komið til álita þar sem þeir hafi litið á Jón sem trúð og gagnrýnt hann harðlega í kosningabaráttunni. Jón segir það hafa verið blöndu af fyrirlitningu og fjandskap og þeir hafi snemma tekið þann pól í hæðina að reyna að brjóta hann á bak aftur. Því hafi niðurstaðan orðið sú að vinna með Samfylkingunni. Nú hafa margir metið stöðuna sem svo að frægðarsól Jóns hafi skinið svo skært á Dag B. Eggertsson, oddvita Samfylkingarinnar, að svo hafi farið sem fór í nýafstöðnum borgarstjórnarkosningum. Ef það er rétt að sjálfstæðismenn hafi litið á Jón sem trúð og fyrirlitið hann er líklegt að þeir nagi sig í handarbökin nú fyrir að hafa ekki tekið á móti honum með sama hætti og Dagur.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# „Út af með dómarann?“

DÓMSMÁL



**Skúli Magnússon**
Formaður Dómarafélags Íslands

Það leiðir af stöðu og hlutverki dómara að þeir tjá sig um niðurstöður sínar í úrskurðum og dómum en almennt ekki á öðrum vettvangi. Þrátt fyrir þetta geta dómarar gengið að því vísu að athafnir þeirra séu umdeildar og opinber umræða um dómstörf harðskeytt. Það má jafnvel gera þá kröfu til dómara að þeir taki þegjandi rangfærslum og ásökunum á opinberum vettvangi, meðal annars af hálfu sakborninga. Hver sem telur dómara hafa gert á hlut sinn getur einnig kvartað til nefndar um dómarastörf og dómarinn verður þá að gera hreint fyrir sínum dyrum með formlegum hætti. Við þetta verða menn einfaldlega að sætta sig þegar þeir ákveða að taka við skipun í embætti dómara.

Það hefur verið nánast óþekkt hér á landi að sakborningar eða aðilar honum tengdir gangi svo langt að leggja fram kæru fyrir lögreglu um ætlaða refsiverða háttsemi dómara við framkvæmd dómstarfa. Dómarar njóta engrar sérstakrar friðhelgi í störfum sínum og það er ekkert sem hindrar slíka kæru. Flestum má vera ljóst að dómara er erfitt að bregðast við slíkum ásökunum á opinberum vettvangi, jafnvel þótt kæran reynist tilhæfulaus þegar upp er staðið.

Það er auðskilið hvers vegna sumum finnst ákjósanlegt að umræða um dómsmál snúist um dómarann, og jafnvel dómskerfið, en ekki ákæruefnin eða önnur efnisatriði máls. Það er hins vegar eftirtektarvert þegar einn stærsti fjölmiðill landsins telur ástæðu til að gera atriði sem þetta að forsíðufrétt sinni.

**➜ Hver sem telur dómara hafa gert á hlut sinn getur einnig kvartað til nefndar um dómarastörf og dómarinn verður þá að gera hreint fyrir sínum dyrum með formlegum hætti.**

Gildandi reglur og núverandi framkvæmd á sviði rannsóknarúrskurða er ekki hafin yfir gagnrýni, eins og ráða má af leiðara ritstjóra í gær. Dómarar hafa hins vegar ekki forræði yfir því hvaða reglur gilda að þessu leyti þótt þeir hafi ákveðin áhrif á þróun lagaframkvæmdar. Það stenst því ekki að tengja annmarka á núverandi réttarframkvæmd við framkomnar ásakanir gegn tilteknum dómurum, jafnvel þannig að gefið sé í skyn að um sé að ræða „fúsk“ við meðferð heils málaflokks.

# Sebrahestar og sjúklingar

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Þegar sjúklingur veikist þá kemur oftast til samskipta milli hans og heilbrigðiskerfisins á einn eða annan máta. Flestir koma til læknis þar sem viðkomandi leitast eftir að fá greiningu á vanda sínum, ráð og þá meðferð sé hún í boði. Eins og flestir vita eru margir sjúkdómar þess eðlis að ekki er nauðsynlegt að meðhöndla þá með lyfjum eða slíku, í besta falli styðjandi meðferð. Það á við um flestar kvef- og veirupestir sem við glímum við og eru líklega algengasta orsök veikinda almennt. Í þeim tilvikum getur þurft lyf eins og hitalækkandi og hóstastillandi eða viðlíka, en sjaldan eða aldrei er þörf á sýklalyfjum svo dæmi sé tekið. Það er þó svo að sjúkdómsferli er mismunandi milli einstaklinga og getur verið mjög dýnamískt ef svo má að orði komast.

Ef við tökum dæmi þessu til skýringar þá er algengt að gefin séu sýklalyf eftir langvarandi veirupest þar sem veiklun hefur orðið á slímhúð og vörnum líkamans og bakteríur ná yfirhöndinni sem auka þá á veikindi einstaklingsins. Þess vegna er mikilvægt að geta fylgt eftir sjúklingi og sjá hann aftur lagist ekki einkenni á nokkrum dögum. Þetta er grundvallaratriði í heimilislækningum svo dæmi sé tekið en virkar því miður ekki nægjanlega vel hér vegna skorts á mannafla og tímaframboði. Í þessu kristallast vandi heilbrigðiskerfisins, barnið sem fær ekki tíma hjá sama lækni verður að leita á vaktþjónustu eða jafnvel bráðamóttöku sjúkrahúss, sem er mun dýrari þjónusta fyrir samfélagið í heild sinni og í flestum tilvikum óþarfi þegar við svona vandamál er að etja.

### Sendir „hálfkláraðir“ heim

Þá kemur oftar en ekki fram óánægja á meðal foreldra sem eru búin að glíma við veikindi barns síns þegar og ef nauðsynlegt reynist að meðhöndla það. Af hverju var ekki meðhöndlað strax? Er oft spurt og í leiðinni kvartað undan lélegri þjónustu. Reykjavík og stærri kjarnar landsins lenda frekar í slíku en landsbyggðin þar sem oftsinnis er mun betra aðgengi að lækni, þótt það sé ekki algilt. Sem betur fer er þó í yfirgnæfandi meirihluta tilfella ekki um stærri vandamál að ræða og sjaldan lífshættuleg en það er engin afsökun.

Við þekkjum líka dæmi þess að sjúklingar leita á sjúkrahúsin og fá þar afgreiðslu á bráðamóttöku eða göngudeildum og eru sendir heim „hálfkláraðir“ þar sem þeir eru ekki „nógu“ veikir til að leggjast inn. Þetta er alltaf matskennt og stýrist mikið til af álagi, framboði á rúmum á sjúkrahúsum, mönnun og þannig mætti lengi telja. Það verður þó að teljast sanngirni að segjast að í flestum tilvikum reynist það í fullkomnu lagi að bíða, það er búið að greina hvort um bráðavandamál sé að ræða og heimilislæknir eða sérfræðingur á að fylgja málinu eftir. Hér kemur enn fram galli í kerfinu sökum manneklu og skipulagsvanda að það geta jafnvel liðið margir mánuðir í næsta tíma hjá sérfræðingi, hugsanlega allt að einhverjar vikur að komast til heimilislæknis. Þegar það svo gerist getur vantað upp á pappíra og gögn til að klára málin þar sem ekki hefur unnist tími til að senda læknabréf. Rafræn sjúkraskrá sem er „loksins“ að koma mun leysa ansi mörg slík vandamál. Það er heilbrigðisráðherrum undanfarandi ára til skammar að vera ekki fyrir löngu búnir að klára það verkefni, leyfist mér að segja. Af því hlýst sparnaður sem er líklegast sá mesti í kerfinu sem hægt er að ná með einni framkvæmd.

### Sebrahestar á sjúkrahúsum

Það að titli greinarinnar sem menn kunna að velta fyrir sér, en það eru sebrahestarnir. Það er nefnilega svo í læknisfræði, sem gerir hana líka svo skemmtilega, að þó svo að mismunandi sjúklingar séu með sama sjúkdóminn kann hann að hegða sér á mjög mismunandi hátt og gera það að verkum að erfitt reynist að greina hann.

Þá líka hitt, að líkaminn, umhverfi hans og ónæmiskerfi er eitt flóknasta samspil sem þekkist og þess vegna getur reynst mjög krefjandi að komast að réttri greiningu sjúklings og hún getur vafist fyrir mönnum býsna lengi. Óhætt er að segja að margir kannist eflaust við það langhlaup sem lent hafa í slíku. Það er þó mikilvægt að hafa í huga að það sem er algengt er algengt og flestir læknar kunna góð skil á því. Sebrahestarnir eru þar sem reynir á og sérfræðiþekkingar og reynslu er þörf og samspil ólíkra sérgreina mikilvægt. Iðulega liggja sebrahestarnir á sjúkrahúsum þar sem mest þekking, tækni og meðferðarmöguleikar fyrirfinnast. Til þess að slík vinna gangi sem best fyrir alla hlutaðeigandi verður heilbrigðiskerfið að virka sem skyldi.

Heilsugæslan verður að eflast, sérfræðilækningar utan sjúkrahúsa einnig og spítalinn verður að fá tækifæri til að sinna þeim verkum sem að honum er beint. Þessi umræða er orðin of tuggin, pólitíkin hefur ekki lausnir, það þarf að opna umræðuna um framtíð heilbrigðiskerfisins á Íslandi, án frasa takk!

> Það er nefnilega svo í læknisfræði, sem gerir hana líka svo skemmtilega, að þó svo að mismunandi sjúklingar séu með sama sjúkdóminn kann hann að hegða sér á mjög mismunandi hátt og gera það að verkum að erfitt reynist að greina hann.


**Dagur fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu**
**27. júní 2014**

Félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu
Fjóla

**Húsi Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17, annarri hæð.**

***Kl. 13. Hjálpartækjasýning***
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.
- Tækni og tölvubúnaður frá Örtækni.
- Samtalstæki frá Heyrn
- Kynningarefni frá Heyrnarhjálp
- Verslun Blindrafélagsins með ýmis hjálpartæki s.s. úr, spil og eldhústæki er opin á fyrstu hæð
- Sjónhermigleraugu, kynning á" Norrænu skilgreiningunni" og samskiptahanskanum frá Fjólu, félagi fólks með samþætta sjón og heyrnarskerðingu

***Kl. 15:00 Fyrirlestrar um þjónustutilboð á vegum ríkis og sveitarfélaga.***
***Salur Blindrafélagsins***
- Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga
- Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
- Samskiptamiðstöð fyrir heyrnarlausa og heyrnarskerta
- Velferðarsvið Reykjavíkurborgar
- Velferðarsvið Akureyrar
- Notandi NPA þjónustu
- Ráðgjafi Fjólu

Fyrirlestrar eru táknmáls- og rittúlkaðir ***Allir velkomnir***
Fjóla, félag fólks með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu,
Hamrahlíð 17, **sjonogheyrn@simnet.is**


# Réttur barna gagnvart fjölmiðlum

FJÖLMIÐLAR
Hrefna Sigurjónsdóttir
framkvæmdastjóri Heimilis og skóla



Hlutverk fjölmiðla er að veita upplýsingar og stuðla að upplýstri og ábyrgri umræðu í samfélaginu. Mikilvægt er að fjölmiðlar veiti raunsanna mynd af veruleikanum og axli sína ábyrgð gagnvart samfélaginu. En hvað er það sem greinir á milli hvort tiltekið efni á erindi við almenning eða ekki? Ættu málefni einstakra barna að vera til umfjöllunar? Hverjir eiga að vernda börn gegn skaðlegu efni?

### Börn fylgjast með

Síðustu misserin hafa málefni tiltekinna skóla verið umfjöllunarefni í fjölmiðlum landsins. Rætt hefur verið um einelti kennara, einelti barna gegn tilteknu barni, deilur foreldrahópa vegna eineltismála, prófstuld í unglingadeild tiltekins skóla og þar fram eftir götunum. Þessi fjölmiðlaumfjöllun fer ekki fram hjá börnunum okkar – þvert á móti. Nýjasta SAFT-rannsóknin frá árinu 2013 (SAFT er vakningarátak um örugga tækninotkun barna og unglinga á Íslandi og stendur fyrir: Samfélag, fjölskylda og tækni) sýnir að börn eru upplýstari en foreldrar þeirra halda og skoða t.d. fréttasíður á netinu í meiri mæli en foreldrar þeirra telja. Sú umræða sem á sér stað í samfélaginu mótar þeirra viðhorf rétt eins og þeirra sem fullorðnir eru. Auk þess læra þau þá hegðun sem fyrir þeim er höfð. Hvaða skilaboð erum við að senda börnunum okkar þegar reynt er að útkljá erfið mál á torgum fréttamiðlanna?

### Friðhelgi einkalífs barna

Yfirleitt hafa fullorðnir þroska, þekkingu og dómgreind til að vara sig á áróðri og verja sig gegn ágangi fjölmiðla. Að sama skapi taka fullorðnir ákvörðun um hvort þeir vilji ræða við fjölmiðla eða ekki. Hið sama er ekki hægt að segja um börn. Þau eiga eftir að taka út þroska og þróa sína dómgreind og þekkingu og eru eðli málsins samkvæmt oft og tíðum berskjölduð. Því er vert að velta því fyrir sér hvort friðhelgi einkalífs barna sé nógu vel varin af lögum og reglum sem eiga að vernda börn fyrir ágangi og óæskilegum skilaboðum fjölmiðla. Fjölmiðlar skipa stóran sess í lífi fólks og hafa þeir einnig sínar siðareglur. En stundum vilja þær gleymast þegar kemur að markaðssetningu og þeim hraða sem tæknin býður upp á.

### Ábyrgð foreldra

Foreldrar eru helstu málsvarar barna sinna og bera höfuðábyrgð á að verja þau gegn ágangi hvers konar og áreiti. Hins vegar eru það stundum foreldrarnir sem bregðast og fara með einkamál barna sinna í fjölmiðla. Stundum er um örþrifaráð að ræða, t.d. þegar foreldrar upplifa mikið ranglæti og telja kerfið hafa brugðist. Því miður gerist það stundum. Þrátt fyrir það hefur barnið ekki forsendur til að meta hvort þetta sé því raunverulega fyrir bestu. Leita ætti allra leiða til að leysa málin á öðrum vettvangi og virða þar með rétt barnsins til friðhelgi einkalífs nú og til lengri tíma litið.

Foreldrum ber einnig samkvæmt 94. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002 eftir því sem í þeirra valdi er að vernda börn gegn ofbeldis- og klámefni eða öðru slíku efni, m.a. með því að koma í veg fyrir aðgang þeirra að því. Við viljum forða börnum frá klámi og ofbeldi en hvað með annað efni eins og staðalmyndir kynja, niðrandi viðhorf til minnihlutahópa og fleira? Hvernig getur samfélagið hjálpað foreldrum að sinna þessari skyldu sinni?

### Upplýsingar og ábyrgð iðnaðarins

Foreldrar þurfa upplýsingar svo þeir geti sinnt skyldu sinni. Þegar kemur að kvikmyndum er ágætis fyrirkomulag viðhaft á IMDb.com þar sem foreldrar meta sjálfir efnið og geta skoðað umsagnir hverjir annarra. Gott væri að hafa sambærilegan vettvang t.d. á kvikmyndir.is. Einnig ber iðnaðurinn mikla ábyrgð og gott væri ef meira frumkvæði í þessum málum kæmi frá eigendum fjölmiðla og framleiðendum. Því miður eru staðlarnir oft of einfaldir og villandi upplýsingar og misræmi í aldursmerkingum. Fjölmiðlanefnd veitir hér mikilvægt aðhald og vert er að efla starf hennar. Einnig ættu forsvarsmenn helstu fjölmiðla; eigendur, rit- og fréttastjórar, að leggja höfuðáherslu á að unnið sé samkvæmt siðareglum og lögum, ekki hvað síst þegar kemur að umfjöllun um málefni einstaka barna.

### Verndum æskuna

Lykilatriði við að vernda börn gegn skaðlegu efni og ágangi er að gera þau fær um að meta og greina fjölmiðlaefni og upplýsingar á gagnrýninn hátt og tileinka sér fjölþætta færni við að njóta efnis og nota það. Við þurfum í raun öll að tileinka okkur slíkt miðlalæsi. Iðnaðurinn og hið opinbera bera einnig mikla ábyrgð þegar kemur að vernd barna gegn skaðlegu efni og friðhelgi einkalífs þeirra. Þegar öllu er á botninn hvolft ætti leiðarljós allra hlutaðeigandi að vera velferð barna. Börn eiga að fá að vera börn – í friði.


Grand Hótel Reykjavík

**FAGLÆRT MATREIÐSLUFÓLK**
**ÞJÓNAR**
**AUKAFÓLK Í SAL**

Við leitum að faglærðu matreiðslufólki, þjónum og auka fólki í sal.

**Almennar hæfniskröfur**

- Frumkvæði og metnaður í starfi
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku
- Snyrtimennska og stundvísi



Frekari upplýsingar má finna á www.grand.is
Umsóknir sendist á starf@grand.is

Grand Hótel Reykjavík / Sigtún 38 / 105 Reykjavík / Sími: 514 8000

# Jónsmessuganga á Seltjarnarnesinu

## Gangan verður með sérlegum hátíðarbrag vegna þess að bæjarfélagið á fjörutíu ára kaupstaðarafmæli.

Hin árvissa Jónsmessuganga á Seltjarnarnesi verður farin í kvöld og er hún með sannkölluðum hátíðarbrag. Förinni er heitið milli stofnana á Seltjarnarnesi sem fagna stórafmæli á árinu rétt eins og bæjarfélagið sjálft en það fagnar 40 ára kaupstaðarafmæli.

Dagskráin hefst klukkan 20.00 í Valhúsaskóla, sem einnig er fjörutíu ára, þar sem Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri veitir viðtöku fyrsta eintaki af veglegu afmælistímariti Seltjarnarneskaupstaðar sem verið hefur í vinnslu um nokkurt skeið. Ritinu verður dreift á hvert heimili á Nesinu strax daginn eftir.

Í Valhúsaskóla syngur Selkórinn valin lög eftir Gunnar Þórðarson og síðan verður haldið út í sumarnóttina og gengið sem leið liggur að kirkjunni sem fagnar fjörutíu ára safnaðarafmæli og 25 ára vígsluafmæli á árinu. Í göngunni þangað verða 30 ára sögu sundlaugarinnar gerð skil.

Golfklúbburinn hélt upp á hálfrar aldar afmæli á árinu og verður gengið frá kirkjunni í átt að golfvellinum. Í fjörunni nærri golfvellinum verður tendraður varðeldur, Bjarki Harðarson mætir með harmonikku, efnt verður til fjöldasöngs, eldlistamaður leikur listir sínar og boðið verður upp á veitingar fyrir unga sem aldna.

Stefán Bergmann líffræðingur, sem er flestum mönnum fróðari um Seltjarnarnesið, leiðir gönguna og veitir mönnum án efa gott yfirlit yfir sögu Seltjarnarness fyrr og nú. - glp



**TÍMAMÓTAGANGA** Seltjarnarnes fagnar fjörutíu ára afmæli í ár.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

---



✝

Ástkær faðir okkar og stjúpfaðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓLAFUR LÁRUSSON**
**Nesvöllum, Njarðvík,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi, miðvikudaginn 18. júní. Jarðarförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju, fimmtudaginn 26. júní kl. 13.00.

**Fyrir okkar hönd og annarra aðstandenda,**

**Lárus Óskarsson — Ólína Alda Karlsdóttir**
**Snæbjörn Þór Ólafsson — Sigríður Kristín Pálsdóttir**
**Karl Knútur Ólafsson — Margrét Helma Karlsdóttir**
**Sigurður Árni Ólafsson — Lilja Þorsteinsdóttir**
**Guðný Ólafsdóttir — Hermann Guðjónsson**
**Þröstur Ólafsson — Eydís Rebekka Björgvinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**ELÍNBORG ELÍSABET MAGNÚSDÓTTIR**
**(Bíbí)**

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, miðvikudaginn 18. júní. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði mánudaginn 7. júlí kl. 13.00.

**Anna Kristín Þórðardóttir — Þórarinn Jónsson**
**Valdís Þórðardóttir**
**Guðjón Gunnar Þórðarson — Guðrún Bjarnheiður Ásgrímsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Eiginmaður minn,

**JÓN E. KRISTJÁNSSON**
**fyrrv. bóndi í Köldukinn,**
**Brekkubyggð 22, Blönduósi,**

andaðist á Heilbrigðisstofnun Blönduóss föstudaginn 20. júní. Útförin fer fram frá Blönduóskirkju föstudaginn 27. júní kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Margrét Á. Björnsdóttir**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,

**KARL ÓSKAR SÖLVASON**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold mánudaginn 16. júní síðastliðinn. Útför hans fer fram miðvikudaginn 25. júní frá Fossvogskirkju klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Ólöf Þórðardóttir**

---



✝

Ástkær systir mín og frænka okkar,

**ÁRNÝ GUÐMUNDSDÓTTIR**
**(Adda frá Vestmannaeyjum)**
**Hraunbæ 164,**

lést miðvikudaginn 18. júní. Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju fimmtudaginn 26. júní kl. 15.00.

**Jóna Guðmundsdóttir**
**Helga Sigurðardóttir — Ásgeir Sverrisson**
**Kristín Sigurðardóttir — Magnús Þorsteinsson**
**Lilja Sigurðardóttir — Guðmundur Adolfsson**
**og frændsystkin.**

---



✝

Ástkær sonur okkar, faðir, afi, bróðir,
frændi, fv. eiginmaður og mágur,

**MATTHÍAS ÖRLYGSSON**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum föstudaginn 20. júní. Útför hans fer fram í Neskirkju föstudaginn 4. júlí kl. 13.00.
Erfi verður haldið í félagsheimili Viðeyinga í Viðey.

**Þóra Þorgeirsdóttir — Örlygur Hálfdanarson**
**Matthildur Matthíasdóttir**
**Magnea Rut Matthíasdóttir**
**Jóhanna Matthíasdóttir**
**Thelma Ósk Matthíasdóttir**
**Matthías Máni Matthíasson**
**Elva Sigtryggsdóttir**
**Iðunn Reykdal — Þorgeir Örlygsson**
**Guðbjörg Geirsdóttir — Hálfdan Örlygsson**
**Arnþór Örlygsson**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**GYÐA ÞORSTEINSDÓTTIR**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 15. júní á hjúkrunarheimilinu Eir. Útför hennar fer fram frá Neskirkju miðvikudaginn 25. júní kl. 15.00.
Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Hildur Jóhannsdóttir — Sveinbjörn Guðmundsson**
**Garðar Jóhannsson — Laufey Björnsdóttir**
**Júlíus Björn Jóhannsson — Martha Jensdóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

---



✝

Við færum öllum ættingjum
og vinum, fyrrverandi sveitungum
frá Hvolsvelli og Hveragerði og öðrum
þeim sem auðsýndu okkur samúð og
stuðning við andlát og útför

**TRÚMANNS KRISTIANSEN**
**skólastjóra,**

okkar innilegustu þakkir fyrir alla vináttuna.
Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki á deild B-4 á Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir alla sína umhyggju og natni síðustu árin. Lifið heil.

**Birna Frímannsdóttir**
**Matthías Már Kristiansen — Heidi Strand**
**Ragnheiður Kristiansen**
**Málfríður Klara Kristiansen — Sigurður Reynir Gíslason**
**Kolbrún Kristiansen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**SVEINBJÖRN VIGFÚSSON**
**viðskiptafræðingur,**
**Laugalind 5, Kópavogi,**

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 21. júní.

**Guðbjörg Baldursdóttir**
**Baldur Sveinbjörnsson**
**Huld Sveinbjörnsdóttir**
**Vigfús Þór Sveinbjörnsson — Aðalheiður Vigfúsdóttir**
**Guðbjörg Lind og Svala**

---



✝

Elskuleg móðir okkar,

**GUÐRÚN BENEDIKTSDÓTTIR**
**frá Bolungarvík,**
**Fróðengi 7, Reykjavík,**

lést á Landakoti að kvöldi 22. júní.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Sigurður B. Þórðarson — Helga S. Jóakimsdóttir**
**Benedikt H. Þórðarson**
**Sjöfn Þórðardóttir — Skúli Bjarnason**
**Guðmundur Þórðarson — Gunnhildur Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,
stjúpfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓNAS KRISTJÁNSSON**
**fyrrverandi forstöðumaður Stofnunar**
**Árna Magnússonar,**

sem lést 7. júní, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju á morgun, miðvikudaginn 25. júní, klukkan 15.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Sigríður Kristjánsdóttir**
**Egill Benedikt Hreinsson — Áslaug Ásgeirsdóttir**
**Kristján Jónasson — Elín Guðbjörg Helgadóttir**
**Aðalbjörg Jónasdóttir — Helgi Árnason**
**Gunnlaugur Jónasson — Sólveig Jóhannesdóttir**
**Áslaug Jónasdóttir — Þórir Magnússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



✝

Ástkær móðir okkar,
dóttir, tengdamóðir og amma,

**ERNA BRYNDÍS HALLDÓRSDÓTTIR**

sem lést þriðjudaginn 17. júní, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 25. júní kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlegast látið renna til Enza Empowering Women, reikningsnúmer: 536-26-014700 og kt. 521208-0150.

**Gabríela Bryndís Ernudóttir — Björn Þór Hilmarsson**
**Helga Bryndís Ernudóttir**
**Lilja Björk Björnsdóttir — Egill Tryggvason**
**Sturla Þór Björnsson — Rebekka Halldórsdóttir**
**Sigrún Guðmundsdóttir**
**Sigurður Freyr Björnsson — Berglind Björgúlfsdóttir**
**Matthías Björnsson — Anette Schou**
**Ólöf Emilie Manniche**
**Ósk Anne Sophie Manniche**
**Ida Sif Manniche**
**Helgi Baldur Björnsson og önnur barnabörn.**

---



✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir,
dóttir, systir, mágkona og amma,

**UNNUR GUÐRÚN BALDURSDÓTTIR**
**Glósölum 7,**

lést 13. júní síðastliðinn á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför hennar fer fram í dag, þriðjudaginn 24. júní kl. 13.00 í Digraneskirkju Kópavogi.

**Sævar Egilsson**
**Ingibjörg Þorvaldsdóttir — Jón Arnar Guðbrandsson**
**Klara Styrkársdóttir**
**Birna Kristín Baldursdóttir — Bergur M. Jónsson**
**Susan Anna Wilson**
**og barnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



## BASILÍKA GERIR GOTT

**Nú er rétti tíminn til að rækta basilíku en hún er sérstaklega góð með tómötum þótt hún passi vel með flestum mat. Tómatur, mozzarellaostur og basilíka er hollur og góður forréttur. Basilíka er einnig góð á pasta og pitsur. Fersk basilíka er notuð í grænt pestó.**






# ÖFLUG SKORDÝRAFÆLA ÁN EITUREFNA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Effitan, áhrifaríka skordýrafælu án allra eiturefna. Hún virkar vel á flugur, flær, moskítóflugur og mý í allt að átta tíma og er óhætt að bera á börn frá þriggja mánaða aldri.*

DEET-eiturefnið, sem hægt er að finna í sambærilegum flugnaúðum, getur haft afar skaðleg áhrif á heilsu fólks og er ekki æskilegt á unga fólkið. Effitan er 98,88 prósent náttúrulegt og alveg laust við DEET, paraben og önnur íblöndunarefni. Innihaldsefnin í Effitan eru meðal annars kókosolía, Eucalyptus, citriodora og citronella. Virkni þess hefur verið klínískt rannsökuð hjá Swiss Tropical Institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín.




**GÓÐ REYNSLA**

Til gamans má geta að margar frábærar reynslusögur hafa borist okkur til eyrna. Ein var frá æðarbónda sem kveið öllum flóabitunum sem fylgja dúntínslunni. Hann sagði okkur að úðinn hefði virkað frábærlega og hefði brúsinn orðið afar vinsæll. Eftir tínsluna var fólk sammála um að Effitan væri það öflugasta sem það hefði prófað.

Kona að austan hafði samband við okkur og sagði að Effitan hefði alveg bjargað sér og syni sínum í sólarlandaferð. Einnig notaði hún Effitan heima við á pallinum og voru flugurnar ekki að angra hana. Hún var afskaplega sátt við virknina og fannst frábært að eiturefnalaus úði gæti verið svona öflugur.

Nokkrir herramenn fóru í Veiðivötn og var einn þeirra með Effitan og notaði óspart en hinir fussuðu og sögðu að fiskurinn myndi fælast frá vegna ilmsins. Þess ber að geta að sá sem notaði Effitan veiddi að sjálfsögðu mest og fékk ekkert mýbit.

**Útsölustaðir: Flest apótek og heilsubúðir, Fjarðarkaup, Húsasmiðjan, Garðheimar og N1-stöðvar. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.**

**GOTT FRÍ**

Ekki láta flugna- eða flóabit eyðileggja fríið!






**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**

Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,**
bryndis@365.is, s. 512 5434

**Kolbeinn Kolbeinsson,**
kolli@365.is, s. 512 5447

MEZINA
ROSEBERRY
Öflugt gegn blöðrubólgu
Virkar innan 24 tíma
2-3 töflur fyrir svefn



Fæst í apótekum, heilsubúðum og í heilsuhillum stórmarkaðanna
www.gengurvel.is

# VARASAMAR GARÐPLÖNTUR

**HEILSA** *Blómstrandi garðar eru augnayndi. Sumar plöntur geta þó verið varasamar og innihaldið ertandi efni eða jafnvel banvænt eitur.*

**GULLREGN (LABURNUM)** Í fræjum gullregns eru eiturefni. Garðagullregn þroskar síður fræ en fjallagullregn (laburnum alpinum) en í hverjum fræbelg eru þrjú til fimm fræ. Tvö til tíu fræ geta valdið eitrun hjá börnum og jafnvel dauða.

**BERGFLÉTTA (HEDERA HELIX)** er sígræn planta sem getur vaxið upp í þrjátíu metra eftir tré, kletti eða húsvegg. Ber bergfléttunnar eru eitruð, valda magaverkjum og geta eyðilagt rauð blóðkorn.

**VENUSARVAGN** og bláhjálmur innihalda akónítín sem veldur brennandi sviða í munni og koki, magaverkjum, doða og óreglulegum hjartslætti. Venusarvagn getur verið banvænn.

**TRÖLLAHVÖNN (HERACLEUM)** getur orðið tveggja til fimm metra há og blómsveipirnir geta orðið áttatíu sentimetrar í þvermál. Snerting við hvönnina í sólskini veldur roða á húðinni og sársaukafullum blöðrum. Litarmunur á húðinni getur verið sýnilegur mörg ár á eftir.

**BRENNISÓLEY (RANUNCULUS ACRIS)** inniheldur efni í flokki glúkósínólata sem geta valdið ertingu og bólgum á húð við langvarandi snertingu og magakveisu og niðurgangi sé hennar neytt.

**RABARBARI OG TÚNSÚRUR** Varla er hægt að telja rabarbara til eitraðra plöntutegunda en rabarbari og túnsúrur innihalda oxalsýru sem í miklu magni getur haft óæskileg áhrif á nýrnastarfsemi. Rabarbari inniheldur það mikið magn af oxalsýru að ekki ætti að neyta mikils magns af honum í einu.

***Heimild:*** *Vísindavefur Háskóla Íslands og wikipedia.org*



GULLREGN



VENUSARVAGN



TRÖLLAHVÖNN



BERGFLÉTTA



RABARBARI



BRENNISÓLEY

Hjarta-Aspirín 75 mg
Hjartasjúkdómar
Ert þú í áhættuhópi?

20% afsláttur í júní



LYFIS
Traust í lyfjum



*Fræðsla*
Hjarta-Aspirín inniheldur asetylsalicylsýru, sem í litlum skömmtum tilheyrir flokki lyfja sem hindra samloðun blóðflagna. Blóðflögur eru örsmáar frumur í blóðinu sem valda því að blóðið storknar og taka þátt í segamyndun. Þegar blóðtappi myndast í slagæð kemur hann í veg fyrir blóðstreymi og hindrar súrefnisflutning. Þegar þetta gerist í hjartanu getur það valdið hjartaáfalli eða hjartaöng; í heilanum getur þetta valdið heilablóðfalli.

**Notkunarsvið:** Hjarta-Aspirín er notað til að minnka hættu á að blóðtappar myndist og fyrirbyggja þannig hjartaáfall, heilablóðfall eða vandamál í hjarta og æðum hjá sjúklingum með hjartaöng. Hjarta-Aspirín er einnig notað til að koma í veg fyrir myndun blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaaðgerða. **Ekki má nota Hjarta-Aspirín:** Ef um er að ræða ofnæmi fyrir asetylsalicylsýru eða einhverju öðru innihaldsefni lyfsins, ofnæmi fyrir öðrum salicylötum eða bólgueyðandi gigtarlyfjum. Ef þú hefur fengið astmakast, eða þrota á ákveðnum svæðum á líkamanum, eftir töku salicylata eða bólgueyðandi gigtarlyfja. Ef þú ert með eða hefur verið með sár í maga eða smáþörmum eða einhverja aðra tegund blæðingar, svo sem heilablóðfall. Ef þú hefur einhvern tíma verið með blóðstorknunarvandamál. Ef þú ert með alvarleg lifrar- eða nýrnavandamál. Ef þú ert að nota lyf sem kallast methotrexat í skammti sem er stærri en 15 mg á viku. **Varnaðarorð og varúðarreglur:** Leitið ráða hjá lækninum áður en Hjarta-Aspirín er notað ef þú ert með; nýrna-, lifrar- eða hjartavandamál, hefur einhvern tíma verið með vandamál í maga eða smáþörmum, ert með háan blóðþrýsting, ert með astma, frjókornaofnæmi, sepa í nefi eða annan langvinnan sjúkdóm í öndunarfærum, hefur verið með þvagsýrugigt eða færð miklar tíðablæðingar. Láttu lækninn vita ef þú þarft að fara í aðgerð. Ekki ætlað börnum yngri en 16 ára. Gæta skal þess að ofþorna ekki þar sem notkun asetylsalicylsýru við slíkar aðstæður getur valdið skerðingu á nýrnastarfsemi. **Meðganga og brjóstagjöf:** Leita skal ráða hjá lækninum áður en lyfið er notað. **Skömmtun:** *Fullorðnir:* Til að fyrirbyggja hjartaáfall, hjarta- og æðasjúkdóma hjá sjúklingum með hjartaöng eða blóðtappa eftir ákveðnar tegundir hjartaaðgerða er ráðlagður skammtur er 75-160 mg einu sinni á dag. Til að fyrirbyggja heilablóðfall er ráðlagður skammtur er 75-325 mg einu sinni á dag. *Aldraðir:* Eins og hjá fullorðnum. **Algengar aukaverkanir:** meltingartruflanir, aukin blæðingartilhneiging. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2013.

www.lyfogheilsa.is

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

# ARFUR FORMÆÐRA

*Hreiðurgerð ófrískra kvenna er vel þekkt, enda hafa þær fundið fyrir þeirri þörf frá örófi alda.*

Konur sem einhvern tíma hafa gengið með barn kannast margar hverjar við þá knýjandi tilfinningu að finnast þær verða að gera heimilið tilbúið fyrir komu barnsins. Sumar hverjar ganga svo langt að þær rífa allt úr eldhússkápunum og raða inn í þá aftur eftir stærð eða þrífa barnafötin og strauja aftur og aftur.

Þessi þörf til að þrífa, skipuleggja og koma lífinu í réttar skorður er knúin áfram af þörf sem á rætur sínar að rekja til frumkvenna. Þetta kemur fram í nýlegri rannsókn sem birt var í tímaritinu Evolution & Human Behaviour.

Rannsakendur komust að því að þessi þráhyggjuhegðun sem einkennist af orkuhviðum annars örþreyttra mæðranna er alls ekki óskynsamleg heldur leið náttúrunnar til að vernda og undirbúa móðurina fyrir komu ófædda barnsins. Oft verða konur líka vandlátari á félagsskap annarra á þessu tímabili sem að sögn rannsakenda er leið mæðranna til að undirbúa sig fyrir það að eyða næstum öllum tíma sínum eingöngu með barninu.



**ALLT Á FULLU**
Ófrískar konur í hreiðurgerð taka upp á ýmsu, jafnvel hefur heyrst af einhverjum sem hafa losað handföng af skápum og þrifið skrúfurnar.
MYND/GETTY

„Hreiðurgerð er ekki hégómleg athöfn," segir sálfræðingurinn Marla Anderson, sem er doktor við McMaster-háskóla í Kanada. „Þessi þörf fyrir að gera allt tilbúið nær hámarki sínu hjá konum á síðasta þriðjungi meðgöngu og þjónar sama mikilvæga hlutverki hjá þeim og hjá öðrum dýrategundum. Þetta tengir okkur við formæður okkar, að bjóða upp á öruggt umhverfi fyrir barnið hjálpar mæðrum að mynda tengsl við ófædd börn sín. Kvendýr í dýraríkinu öllu eru haldin þessari þörf. Alveg eins og við sjáum fugla búa til hreiður sín gera mæður slíkt hið sama," segir dr. Anderson.

# FJÖREFNI FYRIR ALLA ÍSLENDINGA

**AÐFÖNG KYNNA** *Nutra-vítamín eru frábær kostur fyrir þá sem hugsa um heilsuna og vilja taka inn fjölbreytt og góð bætiefni á sanngjörnu verði. Nutra er sérsniðið að þörfum Íslendinga og annarra sem búa á norðurslóðum.*

Guðmundur Þór Guðmundsson, stöðvarstjóri hjá Olís í Norðlingaholti, var stirður í baki eftir aðgerð sem hann gekkst undir við brjósklosi fyrir þremur árum.

„Sökum stirðleika var ég iðulega erfiður upp á morgnana og slæmur á skrokkinn,“ segir Guðmundur sem fékk ábendingu um gæðavítamínin frá Nutra og hefur síðan endurheimt úthald, styrk sinn og vellíðan.

„Ég hef lengi haft tröllatrú á magnesíumi og D-vítamíni sem styrkir ónæmiskerfið og er allra meina bót. Því skellti ég mér á Nutra-magnesíum og D-vítamín og var aðeins mánuði síðar orðinn mun styrkari, liðugri og betur á mig kominn,“ segir Guðmundur sem hafði áður tekið inn sambærileg vítamín og steinefni frá þekktum en mun dýrari framleiðendum.

„Nutra-vítamínin eru verulega hagkvæm fyrir budduna og maður fær meira magn fyrir lægra verð. Þau gera mér afskaplega gott og hafa ekki síður góða virkni en dýrari vítamín á markaðinum.“

Guðmundur hefur síðan bætt við Nutra-kalki því kalk styrkir bein á meðan magnesíum slakar á vöðvaspennu á náttúrulegan hátt.

Ég er nú allt annar í bakinu og léttari á líkama og í lund. Í frístundum rembist ég við að spila golf og þá kemur sér vel að hafa tekið inn aukaskammt af fjörefnum, því það er ekki alltaf sem maður fær ráðlagðan dagskammt fjörefna úr fæðunni,“ segir Guðmundur kátur.

„Með þessari kærkomnu Nutra-þrennu er ég nú betur í stakk búinn til að takast á við líf og leik og líður svo miklum mun betur.“



**ÖFLUGUR** Guðmundur Þór Guðmundsson öðlaðist meiri styrk og betri heilsu eftir að hann fór að taka inn Nutra-vítamín að staðaldri. MYND/GVA

### MEIRI GÆÐI Á BETRA VERÐI
Nutra er hugsað fyrir alla sem vilja geta tekið inn fjölbreytt og góð bætiefni á sanngjörnu verði. Allar umbúðamerkingar eru á íslensku, samkvæmt íslenskum reglum um næringargildi og ráðlagða dagskammta, og með íslenskum heitum á innihaldsefnum.

### NÁTTÚRULEGT OG ÁN ERFÐABREYTTRA EFNA
Nutra er framleitt samkvæmt ströngustu GMP-framleiðslustöðlum og inniheldur einungis virk efni frá viðurkenndum framleiðendum. Vítamín frá Nutra innihalda einungis náttúruleg hjálparefni og engin erfðabreytt innihaldsefni eða hjálparefni eru notuð við framleiðsluna.

### SÉRHANNAÐ FYRIR FÓLK Á NORÐURSLÓÐUM
Við þróun og framleiðslu á Nutra er sérstaklega tekið mið af þörfum fólks á norðlægum slóðum, matarvenjum þess og veðurfarslegum aðstæðum. Þannig er til dæmis óumdeilt að fólk á norðurhveli þarf meira D-vítamín en þeir sem búa á sólríkari slóðum.

Nutra D3 1000-vítamíntöflur eru litlar og auðvelt að kyngja þeim. Ein tafla inniheldur 1000 AE, 25 míkrógrömm (mcg) af D3-vítamíni, sem er besta og virkasta fáanlega form af D-vítamíni og er oft kallað D3-kólikalsiferól.

1000 AE 25 mcg er 500 prósent af ráðlögðum dagskammti og óhætt að gefa það börnum allt niður í eins árs.

## MEIRA MAGN FYRIR MUN LÆGRA VERÐ

Nutra-vítamín fást í stærri pakkningum og á mun betra verði en íslenskir neytendur hafa átt að venjast.

Nutra-vítamínin eru vönduð hágæðabætiefni fyrir alla fjölskylduna, framleidd undir ströngu gæðaeftirliti í Svíþjóð. Í flestum pakkningum eru 120 töflur eða hylki og dugar því hver pakkning í tvo til fjóra mánuði, eftir því hvort teknar eru inn ein eða tvær töflur á dag.

Nutra fæst í verslunum Bónuss og Hagkaups.




### TAKTU D-VÍTAMÍN Á HVERJUM DEGI
Íbúar á norðurslóðum fá ekki nægjanlegt D-vítamín úr daglegri fæðu nema þeir borði umtalsvert magn af laxi á degi hverjum. D-vítamín er því eitt af mikilvægustu vítamínum til inntöku. Húðin vinnur D-vítamín einnig úr sólarljósi en fyrir þá sem búa á norðurhveli jarðar er best að taka inn D-vítamín allt árið til að tryggja nægjanlegt magn þess fyrir líkamann. D-vítamín gegnir mikilvægu hlutverki í starfsemi líkamans og er meðal annars talið nauðsynlegt fyrir eðlilega starfsemi ónæmiskerfisins. Það gefst vel gegn húðþurrki, í baráttunni við psoriasis og gegnir mikilvægu hlutverki fyrir vöðva líkamans. D-vítamín er ómissandi fyrir upptöku kalks og annarra steinefna og því mikilvægur þáttur í uppbyggingu beina og tanna.

### MAGNESÍUM PLÚS – SLAKANDI OG RÓANDI FYRIR LÍKAMA OG SÁL
Nutra Magnesíum Plús inniheldur magnesíum, B12-vítamín, B6-vítamín og fólínsýru. Magnesíum og B-vítamín virka einkar vel saman, til dæmis gegn mígrenishöfuðverk. B-vítamín nýtist einnig vel með magnesíumi við orkuframleiðslu í líkamanum. Magnesíum hjálpar ekki aðeins vöðvum og taugum að starfa eðlilega, heldur viðheldur það stöðugum hjartslætti, blóðsykursjafnvægi, eðlilegum blóðþrýstingi og eflir heilbrigði ónæmiskerfisins.
Öll líffæri þurfa á magnesíumi að halda en hjarta og nýru þurfa einkum og sér í lagi á þessu mikilvæga steinefni að halda. Þá gegnir magnesíum mikilvægu hlutverki fyrir vöxt og viðhald tanna og beina, það virkjar ensím líkamans og hefur áhrif á orkuframleiðslu (vinnur vel með B-vítamínum). Magnesíum stjórnar hlutfalli margra mikilvægustu efna líkamans og kemur meðal annars jafnvægi á kalk, kopar, sink og D-vítamín.







### KALK – FYRIR TENNUR OG BEIN
Nutra Kalk inniheldur 500 mg af kalki fyrir tennur og bein. Ein tafla uppfyllir 63 prósent af ráðlögðum dagskammti og því auðvelt að uppfylla kalkþörf líkamans með Nutra Kalk. Flestum dugar að taka inn eina töflu á dag en óhætt er að taka tvær ef ekki er neytt kalkríkrar fæðu.
Nutra Kalk fæst í 120 taflna pakkningum og er ódýr og góður kostur fyrir þá sem taka inn kalk daglega því skammturinn dugar í tvo til fjóra mánuði. Gott er að taka inn D-vítamín með kalki þar sem upptaka og nýting verður þá mun meiri. Því er mælt með að taka inn eina töflu af Nutra D3 1000 AE kólikalsiferól samhliða Nutra Kalki.

NÝ SENDING KOMIN

*Aptiless seldist upp á augabragði, enda mest selda fitubrennsluefnið í Noregi og Svíþjóð. Þökkum frábærar viðtökur.*

Færri kíló - Minna ummál
með spínat extrakt Nýtt á Íslandi

**Aptiless** fæst eingöngu í Noregi, Svíþjóð og nú á Íslandi. Hungurtilfinning minnkar strax frá fyrstu notkun. Inniheldur yfir 100 mismunandi próteinefni. Einn skammtur jafngildir fimm bollum af fersku spínati en ***Thylakoids*** *dregur úr hungri Eykur mettun - Minnkar sykurlöngun - Jafnar blóðsykur - Lækkar blóðfitu, kólesterol og blóðþrýsting - Minnkar ummál - Fækkar aukakílóum - Eykur orku - Bætir þarmaflóru. 100% náttúrulegt*

Vísindaleg sönnun á virkni

*Rannsóknir gerðar af Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð ásamt fleiri virtum rannsóknarstofnunum.* ***Nýtt í heiminum - nýtt á Íslandi***

Ein merkasta nýja uppgötvunin sem gerð hefur verið í heiminum dag



Dr. Charlotte Erlanson-Albertsson, Prófessor við Karólínska Háskólanum í Lundi í Svíþjóð
mynd:Kennet Ruona




Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir flest apótek og heilsubúðir.








**ILLGRESISSALAT** Linda notaði ýmsar jurtir úr garðinum í salatið, til dæmis haugarfa, kerfil, skessujurt, hundasúru og myntu. MYNDIR/DANÍEL

# SULTA OG SALAT ÚR GARÐINUM

**Í GARÐINUM** *Linda Hrönn Helgadóttir átti góðar stundir í garði sínum í Hafnarfirði á sunnudag. Hún sultaði rabarbara og tíndi illgresi í dýrindis salat.*

Ég er með dálítinn garð hér í Lindarhvammi sem er afar venjulegur að flestu leyti utan þess að ég er með bæði kerfil og skessujurt sem ég fékk frá ömmu minni norður í landi," segir Linda Hrönn Helgadóttir, kennari í Hafnarfirði. „Amma mín var mikil garðakona og var með græna fingur," segir Linda sem sjálf hefur gaman af því að djöflast í beðum eins og hún orðar það. „Ég hef samt ekki tíma til að rækta mikið og því þarf það sem ég er með í garðinum að ala sig dálítið sjálft," segir hún glaðlega. Kerfill og skessujurt eru einmitt slíkar plöntur. „Þetta eru plöntur sem maður þarf ekkert að hugsa um og vaxa jafnvel betur þegar maður lætur þær vera," segir hún en auk þess er að finna í garðinum myntu, graslauk, rabarbara, rifsber og hundasúru. „Hundasúran kom upphaflega sem illgresi en ég tímdi ekki að taka hana því það var svo skemmtilegt fyrir krakkana að tína hana þegar þau voru lítil. Þetta er stór brúskur í beðinu sem ég nota talsvert í mat."

Það var eitt sinn fjögurra manna fjölskylda sem ákvað að fara saman í svolítið frí, svona eins og fjölskyldur eiga til að gera. Ferðinni var heitið norður á bóginn, nánar tiltekið til Íslands. Fjölskylda hugðist treysta fjölskylduböndin með því að ferðast saman um landið og njóta náttúrufegurðarinnar. Fjölskyldunni skildist að á Íslandi væri margt að sjá og gera; Til dæmis mætti grafa þar upp nokkurt magn af geislasteini – en geislasteinar eru metnir á stórfé af erlendum steinasöfnurum.

**Á** brottfarardeginum sjálfum stóð fjölskyldan ferðbúin fyrir utan heimili sitt. Þau höfðu pakkað hlýjum fatnaði, gönguskóm og regnfatnaði – þau höfðu heyrt að það væri allra veðra von á Íslandi. Þau höfðu líka pakkað sundfatnaði og auðvitað nokkrum hömrum, einum meitli og efnablöndum til tegundagreiningar á steinum. Og svo fóru þau í fríið!

**ÞEGAR** austur á firði var komið hófst litla fjölskyldan handa við að grafa upp geislasteina á friðlandinu við bæinn Teigarhorn í Berufirði. Öll lögðu þau sitt af mörkum: mamman, pabbinn og synirnir tveir. Hamarshöggin glumdu um allan Berufjörð og náðu loks eyrum landvarðarins á Teigarhorni. Landvörðurinn ákvað að kanna málið betur, líkt og landvarða er siður, en þegar hann nálgaðist hina vinnusömu fjölskyldu, fóru þau öll undan í flæmingi og reyndu að fela dagsverk sitt.

„Hvað gengur hér á?“ spurði landvörðurinn hissa.

„Ekki neitt,“ ansaði fjölskyldufaðirinn skömmustulegur á svip.

„Vitið þið ekki að þetta er friðland?“ innti landvörðurinn þau eftir.

„Nei… það vissum við ekki, svæðið er svo illa merkt. Og þótt við hefðum vitað það, þá skiptir þessi litli uppgröftur okkar öngvu máli því eins og þú sérð sjálfur er hér af nógu að taka,“ sagði ferðalangurinn örlítið öruggari með sig.

**LANDVÖRÐURINN** viðurkenndi að merkingar á friðlandinu mættu vera betri og sá sér ekki annan leik á borði en að senda fjölskylduna burt eftir að hafa lesið þeim pistilinn.

„Þetta er allt í lagi,“ sagði faðirinn við vonsvikna fjölskyldu sína. „Helgustaðanáma er hérna rétt hjá.“ Og af stað héldu þau.

# Nýja ísdrottningin á Íslandi

Alexandra Rut Sólbjartsdóttir er nýútskrifuð úr ísgerðarnámi á Ítalíu þar sem hún lærði að gera ekta ítalskan ís frá grunni. Hún opnar ísbúðina Paradís í vikunni og er sjálf sólgin í súkkulaðiís af ýmsu tagi.



**101 ÍS** Paradís verður opnuð á Njálsgötu á fimmtudag.
MYND/ÚR EINKASAFNI

„Þetta var mjög krefjandi nám og miklu meira á bak við það en ég ímyndaði mér,“ segir Alexandra Rut Sólbjartsdóttir. Hún hefur nýlokið við ísgerðarnám í Bologna á Ítalíu og opnar ísbúðina Paradís á Njálsgötu á fimmtudaginn. Á Ítalíu lærði hún að gera ekta ítalskan ís frá grunni, svokallaðan gelato.

„Ég er útskrifuð úr fyrsta og öðrum bekk í ísgerðarnámi. Ég tók hvorn bekk fyrir sig á einni viku þar sem hver skóladagur var níu klukkutímar – sjö tímar á skólabekk og tveir í eldhúsinu,“ segir Alexandra.

Hún og maður hennar, Sveinn Gunnarsson, hafa rekið söluturninn Drekann í þrjú ár sem er við hliðina á Paradís.

„Við vorum að leigja húsnæðið út þegar ég fékk hugmynd um að opna ísbúð fyrir stuttu. Ég fékk þessa flugu í hausinn og gat ekki sleppt henni og ákvað að fara beint út í þennan rekstur,“ segir Alexandra.

> **Ég vona að ísinn minn falli í kramið en ég verð klárlega með besta ísinn á Íslandi sem er gerður alveg frá grunni.**
>
> *Alexandra Rut Sólbjartsdóttir*

Hún býður upp á alls sextán tegundir í búðinni, tólf mjólkurísa og fjórar sorbet-tegundir. Í vetur hyggur hún síðan á að bjóða upp á vöfflur og ískökur, sem og heimagerð brauðform. Aðspurð hver sé hennar uppáhaldsístegund stendur ekki á svörum.

„Ég er rosalega mikið fyrir súkkulaðiís. Hann er hægt að gera á marga mismunandi vegu og ég er alveg húkkt á honum,“ segir Alexandra og bætir við að hún geti innbyrt afskaplega mikið magn af ís án þess að fitna.

„Ég er ein af þeim heppnu sem brenna alveg hrikalega hratt. Þegar ég var á Ítalíu hötuðu mig allir því ég át og át og át. Á Ítalíu kemst maður ekki hjá því að borða endalaust af góðum mat þannig að ég er mjög heppin að geta það,“ segir Alexandra skellihlæjandi.

En hvernig er framtíðin hjá ísbúðinni Paradís?

„Það eru margir rosalega spenntir fyrir opnuninni þannig að það er eins gott að ég standi mig vel. Ég vona að ísinn minn falli í kramið en ég verð klárlega með besta ísinn á Íslandi sem er gerður alveg frá grunni. Mig langar að sjá hvernig þetta gengur og hver veit nema ég stækki við mig og opni aðra Paradís-búð í framtíðinni.“

liljakatrin@frettabladid.is

## → Vinsældir gelato blómstruðu á fyrri hluta tuttugustu aldar

Uppruna ítalska íssins gelato má rekja til frosinna eftirrétta sem voru vinsælir á Sikiley og í Róm og Egyptalandi til forna þar sem snjór og ís voru færðir af fjallstindum. Síðar voru frosnir eftirréttir á boðstólum í veislum í Medici-réttinum í Flórens en Bernardo Buontalenti er sagður hafa búið til nútímalegan ís fyrstur manna árið 1565. Hann kynnti uppskriftina og tæknina sem hann notaði til að frysta ísinn fyrir Katarina de‘ Medici, sem kynnti Frakka fyrir lostætinu. Veiðimaðurinn frá Sikiley, Francesco Procopio dei Coltelli, fullkomnaði fyrstu ísvélina árið 1686 en gelato náði ekki miklum vinsældum fyrr en í kringum 1920-30. Í dag eru rúmlega fimm þúsund gelato-ísbúðir starfræktar á Ítalíu og er Ítalía eina landið þar sem markaðshlutdeild heimagerðs gelato-íss er meiri en 55 prósent í samanburði við hefðbundinn ís.

ÍSLANDS
BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS







SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas



# Ekkert til sparað í eins árs afmæli North

## Kim Kardashian og Kanye West héldu upp á afmæli frumburðarins í bakgarði Kourtney Kardashian.

Stjörnuhjónin Kim Kardashian og Kanye West héldu upp á eins árs afmæli dóttur sinnar North um helgina í bakgarði Kourtney Kardashian, systur Kim, í Calabasas í Kaliforníu.

Þemað í veislunni var Kidchella, sem vísar í tónlistarhátíðina Coachella sem er afar vinsæl.

Í afmælinu var parísarhjól og ýmsir leikir en North litla fékk þriggja laga afmælistertu skreytta blómum úr sykurmassa.

North var í drapplituðum kjól með kögri og með blómsveig í hárinu. **- lkg**



**ÁNÆGÐ MEÐ DAGINN** Litla fjölskyldan í skýjunum í veislunni. MYND/INSTAGRAM



**ÓÐ Í SNÁKA** Jaden og Willow hugsa vel um gæludýrin sín. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kúra með snákum

## Stjörnubörnin Jaden og Willow Smith eiga óvenjuleg gæludýr sem þau elska út af lífinu, vægast sagt.

Stjörnubörnin Willow, 13 ára, og Jaden Smith, 15 ára, börn leikarahjónanna Wills og Jada Pinkett Smith, eiga snáka sem gæludýr. Samkvæmt heimildum tímaritsins Us Magazine er Willow með snáka á heilanum.

„Hún sefur með tíu stykki í herberginu sínu og sumir eru ekki í búri,“ segir heimildarmaður tímaritsins og bætir við að Jaden kalli gæludýr systur sinnar kærusturnar sínar.

„Þeir fara upp í rúmið hans og kúra með honum.“

Willow eignaðist sinn fyrsta snák, sem hún kallar Beauty, árið 2008 þegar hún var sjö ára. **- lkg**

# Býður upp áritaða Pelé-treyju

## Jóhannes Valgeir Reynisson, betur þekktur sem Blái naglinn, stendur fyrir uppboði á fótboltatreyju áritaðri af knattspyrnugoðsögninni Pelé.

„Það er frábært að geta nýtt þessa verðmætu treyju til styrktar góðu málefni,“ segir Jóhannes Valgeir Reynisson, betur þekktur sem Blái naglinn. Hann stendur fyrir uppboði á treyju brasilíska landsliðsins, sem áritðu er af knattspyrnugoðsögninni Pelé.

Jóhannes hefur þó ekki hitt Pelé sjálfan. „Sagan á bak við treyjuna er sú að ég fékk símtal frá Íslensk-ameríska, sem hafði verið í samskiptum við rakvélaframleiðandann Gillette. Pelé var í auglýsingum fyrir Gillette og bauð Íslensk-ameríska mér treyjuna af því að ég er góðgerðarfélag og gekk ég að sjálfsögðu að því,“ útskýrir Jóhannes Valgeir.

Þess má til gamans geta að Messi er í auglýsingum Gillette þessa dagana.

„Uppboðið er til styrktar rannsóknum á ristilkrabbameini hjá Landspítalanum.“ Einnig er í gangi söfnun fyrir svokölluðum aðgerðaþjarka eða róbóta en þjarkinn kostar um 300 til 350 milljónir króna.

Uppboðið á treyjunni hófst í HM-stofunni á RÚV í gær. „Uppboðið er í gangi hjá Óla Palla á Rás 2 en það mun ekki standa lengi yfir. Ég mun svo uppfæra uppboðin á Facebook-síðu Bláa naglans.“

Sem stendur er komið boð upp á 300.000 krónur. Með uppboðinu vill Jóhannes einnig koma af stað vitundarvakningu varðandi ristilkrabbamein. „Það deyr einn maður á viku hér á landi úr ristilkrabbameini.“ Jóhannes hvetur fólk til þess að láta fylgjast með sér. „Fólk fer með bílana sína í skoðun, fólk á líka að fylgjast með sjálfu sér.“ **- glp**



**VERÐMÆT TREYJA** Jóhannes Valgeir Reynisson með treyjuna góðu sem Pelé áritaði.




*Mazda2 er sparneytinn, ótrúlega lipur og hagkvæmur í rekstri. Hann er búinn öflugri 1,3 lítra bensínvél sem þó eyðir einungis frá 4,3 l/100 km og fær frítt í stæði.* Mazda2 er áreiðanlegur, öruggur, vel búinn og frábær í endursölu. Taktu snúning á Mazda2, gerðu góð kaup og lækkaðu rekstrarkostnaðinn.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Mazda2 eyðir 4,3 l/100 km í langkeyrslu og fær frítt í stæði í miðborg Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

# SPORT

## HM Í FÓTBOLTA



**16.00 KOSTARÍKA-ENGLAND (D)**
**20.00 JAPAN-KÓLUMBÍA (C)**

Lokaleikir C og D-riðla HM 2014 í fótbolta fara fram í dag. Englendingar mæta Kostaríka sem er búið að vinna D-riðilinn á meðan England er úr leik. Roy Hodgson gerir níu breytinar á byrjunarliðinu og hendir **Wayne Rooney** á meðal annarra á bekkinn.
Seinna um kvöldið mætast svo Japan og Kólumbía í C-riðli. Kólumbíumenn eru komnir áfram en Japanir þurfa að vinna leikinn til að eiga möguleika á að komast áfram.

visir Allt um HM á Vísi

## STJARNA GÆRDAGSINS

David Villa, framherji Spánar, lauk landsliðsferli sínum í gær á viðeigandi hátt; með marki gegn Ástralíu í lokaumferð B-riðils. Villa skoraði með laglegri hælspyrnu í fyrri hálfleik, hans 59. landsliðsmark í 97. landsleiknum. Mögnuð tölfræði hjá þessum flotta framherja. Hann ákvað fyrir mótið að leggja landsliðsskóna á hilluna að því loknu og grét hástöfum er hann gekk af velli í hinsta sinn.



**David Villa**
**Spánn**

## Tvö mörk frá varamönnum héldu Hollandi frá Brasilíumönnum

Holland lauk leik í riðlakeppni HM 2014 í Brasilíu með fullt hús stiga en liðið vann Síle, 2-0, í lokaumferðinni. Markalaust var fram á 77. mínútu eða þar til varamaðurinn Leroy Fer skoraði með skalla. Memphis Depay, sem skoraði sigurmark Hollands gegn Ástralíu, bætti við öðru marki Hollendinga gegn Síle eftir glæsilegan undirbúning Arjens Robbens.



## ÚRSLIT

### HM 2014 Í BRASILÍU

**A-RIÐILL**

**KAMERÚN - BRASILÍA 1-4**
0-1 Neymar (17.), 1-1 Joël Matip (26.), 1-2 Neymar (34.), 1-3 Fred (49.), 1-4 Fernandinho (85.)

**KRÓATÍA - MEXÍKÓ 1-3**
**0-1 R. Márquez (72.), 0-2 Andrés Guardado (75.), 0-3 J. Hernández (82.), 1-3 Ivan Perisic (87.).**

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Brasilía | 3 | 2 | 1 | 0 | 7-2 | 7 |
| Mexíkó | 3 | 2 | 1 | 0 | 4-1 | 7 |
| Króatía | 3 | 1 | 0 | 2 | 6-6 | 3 |
| Kamerún | 3 | 0 | 0 | 3 | 1-9 | 0 |

**B-RIÐILL**

**ÁSTRALÍA - SPÁNN 0-3**
**1--0 David Villa (36.), 2-0 Fernando Torres (69.), 3-0 Juan Mata (82.).**

**HOLLAND - SÍLE 2-0**
1-0 Leroy Fer (77.), 2-0 Memphis Depay (90.+2).

**LOKASTAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Holland | 3 | 3 | 0 | 0 | 10-3 | 9 |
| Síle | 3 | 2 | 0 | 1 | 5-3 | 6 |
| Spánn | 3 | 1 | 0 | 2 | 4-7 | 3 |
| Ástralía | 3 | 0 | 0 | 3 | 3-9 | 0 |

**LEIKIR DAGSINS**

| | |
|---|---|
| **B-RIÐILL: Kostaríka - England** | **kl. 16.00** |
| **B-RIÐILL: Ítalía - Úrúgvæ** | **kl. 16.00** |
| **C-RIÐILL: Grikkl. - Fílabeinsstr.** | **kl. 20.00** |
| **C-RIÐILL: Japan - Kólumbía** | **kl. 20.00** |

**0-4**
**Laugardalsv.**
Áhorf: 567
**Þóroddur Hjaltalín (8)**

**Mörkin:** 0-1 Kristján Gauti Emilsson (7.), 0-2 Kristján Gauti Emilsson (48.), 0-3 Atli Viðar Björnsson (58.), Tryggvi Sveinn Bjarnason (87, sjálfsm.).

**FRAM (4-3-3):** Ögmundur Kristinsson 4 - Halldór Arnarsson 3, Tryggvi Sveinn Bjarnason 3, Einar Bjarni Ómarsson 3, Ósvald Jarl Traustason 4 - Viktor Bjarki Arnarsson 6 (´46 Guðmundur Magnússon) 5, Orri Gunnarsson 4, Haukur Baldvinsson 4 - Ásgeir Marteinsson 5, Alexander Már Þorláksson 5, (´63 Björgólfur Takefusa) 5, Aron Bjarnason 6, (´79 Benedikt Októ Bjarnason).

**FH (4-3-3):** Róbert Örn Óskarsson 5, Jón Ragnar Jónsson 5, Pétur Viðarsson 6, Kassim Doumbia 7 (´85 Brynjar Ásgeir Guðmundsson), Böðvar Böðvarsson 7 – Sam Hewson 7, Davíð Þór Viðarsson 6, ***Kristján Gauti Emilsson 8** – Ólafur Páll Snorrason 7 (´79 Ingimundur Níels Óskarsson), Atli Guðnason 8, Atli Viðar Björnsson 7 (´73 Hólmar Örn Rúnarsson).

**Skot (á mark):** 11-18 (3-11) **Horn**: 3-4

**Varin skot:** Ögmundur 8 - Róbert Örn 3

**visir.is**
Meira um leiki gærkvöldsins

# Langþreyttir á loforðunum

Uppbygging Fram í Úlfarsárdal er mörgum árum á eftir upphaflegri áætlun og ekki sér enn fyrir endann á flutningi félagsins úr Safamýrinni. Íbúar Grafarholts og Úlfarsárdals eru langþreyttir eftir framkvæmdum.



**ÓSÁTTUR** Kristinn Traustason, formaður íbúasamtakanna, við aðstöðu Fram í Úlfarsárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**ÍÞRÓTTIR** Forráðamenn íþróttafélagsins Fram og íbúasamtaka Grafarholts og Úlfarsárdals eru þreytt á hægagangi borgaryfirvalda í uppbyggingu á svæðinu, meðal annars því sem snýr að þeirri íþróttaaðstöðu sem átti að komu upp í nafni Fram. Íbúar séu orðnir langþreyttir á loforðum og vilji framkvæmdir.

„Samkvæmt upphaflega samningnum áttum við að vera alfarið komnir upp í Úlfarsárdal á þessu ári,“ segir Ólafur Arnarson, formaður Fram, í samtali við Fréttablaðið. En svo hafi allt breyst í hruninu.

„Þá var gert samkomulag við borgina um að koma upp gervigrasvelli og þeirri aðstöðu sem er þar upp frá núna,“ segir Ólafur en eina aðstaðan við gervigrasvöllinn eru tveir búningsklefar. Að öðru leyti fer starfsemi félagsins fram á íþróttasvæði félagsins við Safamýri og ekki útlit fyrir að það breytist mikið á næstu árum.

Ólafur segir að það standi þó alls ekki til að hætta við allt saman. „Alls ekki. Við erum komnir allt of langt af stað enda 75-80 prósent okkar iðkenda búsett í Úlfarsárdal og Grafarholti. Maður vill helst sjá að framkvæmdum verði flýtt, bæði fyrir Fram og íbúana,“ segir Ólafur en þar til að Fram flytur allt sitt starf úr Safamýri eru iðkendur fluttir á milli með rútum.

„Það er líka dýrt,“ áréttar Ólafur. „Við fáum styrk frá borginni til að halda því úti en hann nær ekki yfir allan kostnaðinn.“

### Sjö þúsund manna byggð

Kristinn Steinn Traustason er formaður íbúasamtakanna í Grafarholti og Úlfarsárdal og tekur undir þau orð Ólafs að best væri að flýta framkvæmdum. Það sé hins vegar ekki útlit fyrir það.

„Íþróttafélagið Fram á að þjónusta alla íbúa Grafarholtsins og Úlfarsársdalsins en þar búa tæplega sjö þúsund manns. Þetta er fjölmennari byggð en í Vestmannaeyjum og Akranesi. Ég tel að það yrði eitthvað sagt við því ef börnin á Akranesi þyrftu að sækja fótboltaæfingar í Borgarnesi,“ segir Kristinn.

Á síðasta ári ákváðu borgaryfirvöld að leggja til hliðar allar teikningar og framkvæmdaáætlanir fyrir hverfið til hliðar og efna til nýrrar hönnunarsamkeppni fyrir byggingu skóla, menningarmiðstöðvar, bókasafns, sundlaugar og íþróttasvæðis. Kristinn er gagnrýninn á þessa ákvörðun.

„Í raun var verið að slá vopnin úr höndum fólksins rétt fyrir kosningar með því að efna til hönnunarsamkeppni. Þar með var hægt að þagga málið niður fram yfir kosningar enda voru málefni íbúa í Grafarholti og Úlfarsárdal ekkert rædd í aðdraganda þeirra,“ segir Kristinn sem bindur engar sérstakar vonir við niðurstöðu hönnunarsamkeppninnar.

„Ekki aðrar en þær en að við viljum bara sjá að eitthvað gerist. Við erum búin að tala nóg.“

### Viljum hraða ferlinu

Ólafur segist ekki ánægður með hægagang borgaryfirvalda. „Við höfum reynt að sýna þolinmæði og það hafa íbúarnir gert líka. Best væri ef öllu ferlinu væri hraðað því ég veit ekki hvað borgaryfirvöld ætla sér svo að taka sér langan tíma í uppbygginguna þegar niðurstaða í hönnunarsamkeppninni liggur fyrir,“ segir hann en ekki er von á að sigurtillagan verði valin fyrr en í október.

Kristinn segir að íbúasamtökin hafi fengið þau skilaboð að borgaryfirvöld hafi gefið sér fimm ár til að byggja upp aðstöðu á svæðinu og hafi tryggt verkefninu fjármagn. En íbúar séu orðnir langþreyttir á loforðum.

„Svörin sem við höfum fengið er að þetta sé allt að koma en svo gerist lítið sem ekkert. Nú spyr maður sig hvað gerist næst – hvort hafist verði handa eða hvort teygist enn frekar á öllu saman í nokkur ár í viðbót.“ eirikur@frettabladid.is


Til leigu

Leiguhúsnæði óskast.

Reykjavíkurborg óskar eftir að taka á leigu húsnæði fyrir frístundaklúbbinn Garð og frístundaklúbbinn Hlíð. Garður er frístundaklúbbur fyrir börn á aldrinum 10-12 ára sem stunda nám við Klettaskóla. Hlíð er frístundaklúbbur fyrir börn og unglinga á aldrinum 10-16 ára sem stunda nám við Brúarskóla.

Húsnæðið sé á bilinu 400 – 500 m2, uppfylli þarfir fatlaðra barna og staðsett í hæfilegri fjarlægð frá Klettaskóla og Brúarskóla. Upplýsingum um húsnæði ásamt leiguverði skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14 fyrir kl. 16.00 fimmtudaginn 3. Júlí 2014.

Nánari upplýsingar á vef Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/leiga


# Förum ekki á Laugardalsvöll

KR-ingar rétt byrjaðir að semja um sjónvarpstekjur af leiknum hér á landi.

**FÓTBOLTI** Dregið var í fyrstu umferðir forkeppni Meistaradeildar Evrópu og Evrópudeildar UEFA í gær og voru fjögur íslensk lið í pottinum. Þrjú þeirra fara til Bretlandseyja en Íslandsmeistarar KR drógust gegn stórliði Celtic í Meistaradeild Evrópu. Hólmbert Aron Friðjónsson, fyrrverandi leikmaður Fram, er á mála hjá Celtic.

Þrjú lið taka þátt í Evrópudeild UEFA. Bikarmeistarar Fram mæta Nomme Kalju frá Eistlandi, Stjarnan leikur gegn Bangor City frá Wales og FH gegn Glenavon frá Norður-Írlandi. Öll þrjú íslensku liðin komu á undan upp úr hattinum og leika heimaleiki sína þann 3. júlí.

Í fyrra komust FH-ingar áfram úr annarri umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu og tryggðu sér þar með minnst fjóra leiki til viðbótar og talsverðar tekjur fyrir félagið. Til að leika þann leik eftir þurfa KR-ingar að slá skoska stórveldið úr leik.

„Veikasti andstæðingurinn sem við gátum fengið var líklega Ventspils frá Lettlandi en það er auðvitað stórskemmtilegt að fá að kljást við Celtic,“ sagði Kristinn Kjærnested, formaður knattspyrnudeildar KR, við Fréttablaðið. „Ég var því heilt yfir sáttur.“

KR hafði frumkvæði að því að skipta á heimaleikjum og fer því fyrri viðureignin fram hér á landi um miðjan næsta mánuð. Kristinn segir ljóst að hann muni fara fram á KR-velli. „Við munum ekki gefa það eftir, sama hvað. Það er betra í alla staði að spila á okkar heimavelli.“

Kristinn segir að í gær voru þreifingar um sjónvarpsrétt nýhafnar en hann segir ljóst að af öllum liðum sem KR gat fengið mun Celtic skila Vesturbæingum mestum tekjum.

„En það er ekkert komið á hreint í þeim efnum – menn eru rétt byrjaðir að klóra sér í skallanum yfir því.“ - esá



**SÁTTIR** KR-ingar eru ánægðir með að hafa fengið Celtic. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL




# HVERJIR KOMAST Í 16-LIÐA ÚRSLIT?

Það verður hart barist um sæti í 16-liða úrslitunum í vikunni á HM í Brasilíu. Stöð 2 Sport 2 sýnir beint frá öllum leikjunum hér fyrir neðan. Spennan og dramatíkin verða í hámarki á næstu dögum. Ekki missa af þessum stórleikjum!

**HM-MESSAN ÖLL KVÖLD KL. 22:00**

| | | |
|---|---|---|
| **ÞRIÐJUDAGUR** | **Kosta Ríka – England** | **kl. 16:00** |
| | **Japan – Kólumbía** | **kl. 20:00** |
| **MIÐVIKUDAGUR** | **Bosnía – Íran** | **kl. 16:00** |
| | **Ekvador – Frakkland** | **kl. 20:00** |
| **FIMMTUDAGUR** | **Bandaríkin – Þýskaland** | **kl. 16:00** |
| | **Suður Kórea – Belgía** | **kl. 20:00** |




**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!**
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

## Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**11.990 kr. + 0 kr.**

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

# DAGSKRÁ



## HM Messan

**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 22** Gummi Ben fer yfir daginn á HM eins og honum einum er lagið. Hann nýtur aðstoðar knattspyrnusérfræðinga sem greina leikina með Gumma. Þáttur fyrir alvöru fótboltaáhugamenn sem vilja harðkjarna umfjöllun en ekkert kaffihúsahjal.

## Í KVÖLD



### Heimur Ísdrottningarinnar

**STÖÐ 2 KL. 20** Skemmtilegur þáttur þar sem fylgst verður með Ásdísi Rán og skyggnst verður inn í heim Ísdrottningarinnar þar sem hún mun fjalla um fegurð, heilsu, lýtalækningar, tísku og margt fleira.



### Hart of Dixie

**STÖÐ 3 KL. 19.45** Priðja þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.



### You've Got Mail

**STÖÐ 2 BÍÓ** Joe Fox opnar bókabúð úr risavaxinni bókabúðakeðju hinum megin götunnar við Kathleen Kelly, sem á litla barnabókabúð. Í kjölfarið upphefst hatrömm samkeppni á milli þeirra og eru samskiptin í þeim dúr.

## Bylgjan kl. 16

### Reykjavík síðdegis

Þorgeir Ástvaldsson, Kristófer Helgason og Bragi Guðmundsson færa þér fréttir og fróðleik á hverjum virkum degi. Það er fátt sem drengirnir láta fram hjá sér fara og þeir fylgjast vel með málefnum líðandi stundar.




# SVEFNSÓFAR Í HÖLLINNI






**ALICIA** Svefnsófi
B 163 D 83 H 78 cm.
Dýnustærð 147x197 cm.
Slitsterkt áklæði. Litir: Rautt, svart, grænt, og blómamunstur.

**119.990**
FULLT VERÐ: 139.990



## MELBOURNE SVEFNSÓFI MEÐ TUNGU







Rúmfatageymsla í tungu.

**169.990**
FULLT VERÐ: 199.990

**MELBOURNE** Svefnsófi Stærð: 243x170 H:70 cm. Slitsterkt áklæði. Litir: Svargrár, grænn og rauður. Vinstri og hægri tunga.

HÚSGAGNAHÖLLIN
Bíldshöfða 20 og Dalsbraut 1 • Akureyri
EITT SÍMANÚMER 558 1100


## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.00** Malcolm In the Middle *(2:22)*
**08.25** Extreme Makeover. Home Edition *(13:26)*
**09.10** Bold and the Beautiful *(6383:6821)*
**09.30** Doctors *(3:175)*
**10.15** The Wonder Years *(13:24)*
**10.40** The Middle *(6:24)*
**11.05** Á fullu gazi
**11.35** The Newsroom *(2:10)*
**13.00** Covert Affairs *(12:16)*
**13.45** American Idol *(2:39)*
**15.10** Sjáðu
**15.40** Scooby-Doo!
**16.00** Frasier *(13:24)*
**16.25** The Big Bang Theory *(9:24)*
**16.45** How I Met Your Mother *(14:24)*
**17.10** Bold and the Beautiful *(6383:6821)*
**17.32** Nágrannar
**17.57** Pepsímörkin 2014
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Veður
**19.15** Back in the Game *(1:13)*
**19.35** 2 Broke Girls *(2:24)*
**20.00** Heimur Ísdrottningarinnar
**20.20** Anger Management *(12:22)*
**20.40** White Collar *(3:16)*
**21.25** Orange is the New Black *(3:14)*
**22.25** Burn Notice *(3:18)*
**23.10** Veep *(8:10)*
**23.40** Daily Show. Global Edition
**00.05** Dallas *(4:15)*
**00.50** Mistresses *(2:13)*
**01.35** Believe *(11:13)*
**02.15** Fringe *(12:22)*
**03.00** Extremely Loud & Incredibly Close
**05.05** Office Space

## SPORT

**07.00** Pepsímörkin 2014
**08.15** Pepsímörkin 2014
**09.30** Fram - FH
**14.45** Breiðablik - Þór
**16.35** Borgunarmörkin 2014
**17.45** Pæjumótið í Eyjum
**18.25** Fram - FH
**20.15** Pepsímörkin 2014
**21.30** Haukar
**22.00** World's Strongest Man 2013
**22.30** Arnold Classic
**23.10** Anthony Pettis: Showtime
**23.55** UFC Now 2014

## SPORT 2

**07.10** Ástralía - Spánn
**08.50** Kamerún - Brasilía
**10.30** HM Messan
**11.30** Holland - Chile
**13.10** Króatía - Mexíkó
**14.50** HM Messan
**15.50** Kosta Ríka - England
**18.00** Ástralía - Spánn
**19.50** Japan - Kólumbía
**22.00** HM Messan
**23.00** Ítalía - Úrúgvæ
**00.40** Grikkland - Fílabeinsströndin
**02.20** HM Messan
**03.20** Kamerún - Brasilía

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing Vinnumálalöggjöf í brennidepli **21.00** 433 Knattspyrnuumfjöllun í nýju ljósi **21.30** Gönguferðir Jónas Guðmundsson er leiðsögumaður um íslenska náttúru 5:12

## STÖÐ 3

**18.35** Baby Daddy *(14:16)*
**19.00** Grand Designs *(9:12)*
**19.45** Hart Of Dixie *(19:22)*
**20.30** Pretty Little Liars *(18:25)*
**21.15** Nikita *(19:22)*
**21.55** Terminator: The Sarah Connor Chronicles *(4:22)*
**22.40** Revolution *(16:22)*
**23.25** Tomorrow People *(18:22)*
**00.50** Hart Of Dixie *(19:22)*
**01.35** Pretty Little Liars *(18:25)*
**02.20** Nikita *(19:22)*
**03.00** Terminator: The Sarah Connor Chronicles *(4:22)*
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Svampur Sveinsson **08.21** Áfram Diego, áfram! **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Skógardýrið **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Hókus Pókus (**11/14**) **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Skógardýrið Húgó **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Hókus Pókus (**11/14**) **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar

**16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Skógardýrið **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Hókus Pókus (**11/14**) **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Úti er ævintýri II **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**17.55** Strákarnir
**18.25** Friends *(2:24)*
**18.50** Seinfeld *(10:23)*
**19.15** Modern Family
**19.35** Two and a Half Men *(21:22)*
**20.00** Léttir sprettir
**20.20** Borgarilmur *(7:8)*
**21.00** Breaking Bad *(1:13)*
**21.50** Rita *(5:8)*
**22.35** Lærkevej *(3:12)*
**23.15** Chuck *(12:13)*
**00.00** Cold Case *(8:23)*
**00.45** Léttir sprettir
**01.05** Breaking Bad *(1:13)*
**01.50** Borgarilmur *(7:8)*
**02.25** Rita *(5:8)*
**03.10** Lærkevej *(3:12)*
**03.55** Tónlistarmyndbönd frá Popptíví

## BÍÓSTÖÐIN

**10.45** Story Of Us
**12.20** We Bought a Zoo
**14.20** You've Got Mail
**16.20** Story Of Us
**17.55** We Bought a Zoo
**20.00** You've Got Mail
**22.00** The Five-Year Engagement
**00.05** The Double
**01.40** Cedar Rapids
**03.10** The Five-Year Engagement

## RÚV

**10.50** HM í fótbolta *(Kamerún - Brasilía)*
**12.40** HM í fótbolta *(Ástralía - Spánn)*
**14.30** Ástareldur *(Sturm der Liebe)*
**15.20** HM stofan Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**15.50** HM í fótbolta *(Ítalía - Úrúgvæ)* Bein útsending frá leik Ítalíu og Úrúgvæ á HM í fótbolta.
**17.50** HM stofan
**18.25** Táknmálsfréttir
**18.35** Vinur í raun *(2:6) (Moone Boy)* Martin Moone er ungur strákur sem treystir á hjálp ímyndaðs vinar þegar á móti blæs. Þættirnir gerast í smábæ á Írlandi á níunda áratugnum. Meðal leikenda eru Chris O'Dowd, David Rawle og Deirdre O'Kane.
**19.00** Fréttir
**19.20** Veðurfréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** HM stofan
**19.50** HM í fótbolta *(Grikkland - Fílabeinsströndin)* Bein útsending frá leik Grikklands og Fílabeinsstrandar á HM í fótbolta.
**21.55** HM stofan
**22.15** Tíufréttir
**22.30** Veðurfréttir
**22.35** Castle *(21:23) (Castle)*
**23.20** Víkingarnir *(5:9) (The Vikings)*
**00.05** HM í fótbolta *(Kosta Ríka - England)*
**01.50** HM í fótbolta *(Japan - Kólumbía)*
**03.35** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond *(19:26)*
**08.25** Dr. Phil
**09.05** Pepsi MAX tónlist
**16.50** Million Dollar Listing *(7:9)*
**17.35** In Plain Sight *(7:8)*
**18.15** Dr. Phil
**18.55** Top Chef *(13:15)*
**19.40** Happy Endings *(2:22)*
**20.05** Men at Work *(7:10)*
**20.30** Catfish - NÝTT *(1:12)*
**21.15** The Good Wife *(20:22)* Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Það er þokkadísin Julianna Marguilies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum. Þetta er fimmta serían af þessum vönduðu þáttum þar sem valdatafl, réttlætisbarátta og forboðinni ást eru í aðalhlutverkum.
**22.00** Nurse Jackie *(1:10)*
**22.30** Californication *(1:12)*
**23.00** Green Room with Paul Provenza *(2:6)*
**23.25** Royal Pains *(10:16)*
**00.10** Scandal *(22:22)*
**00.55** Nurse Jackie *(1:10)*
**01.25** Californication *(1:12)*
**01.55** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2014 **11.00** Feherty **11.25** Golfing World 2014 **12.15** PGA Tour 2014 **15.15** Inside The PGA Tour 2014 **15.40** LPGA Tour 2014 **18.05** Golfing World 2014 **18.55** PGA Tour 2014 **19.50** Einvígið á Nesinu **20.40** Golfing World 2014 **21.30** PGA Tour 2014 **22.25** Web.com Tour Highlights **23.20** Golfing World 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

HEILSURÚM | HEILSUDÝNUR | SÓFAR | SVEFNSÓFAR | HÆGINDASTÓLAR | LYFTISTÓLAR | KODDAR | SÆNGUR | O.FL.

**NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ**

# DORMA
– býður góða nótt

# EKKI MISSA AF ÞESSU
## SUMARÚTSALA
# 20-50% AFSLÁTTUR

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og myndbrengl og gilda á meðan á útsölunni stendur og birgðir endast.

## NATURE'S COMFORT
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 160x200 cm



**ÚTSALA 30.000 KRÓNA AFSL.**

DORMA – býður góða nótt
**SUMAR ÚTSALA 119.900**
FULLT VERÐ 149.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

## NATURE'S REST
heilsurúm

Verðdæmi ➔ 90x200 cm



**ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.**

DORMA – býður góða nótt
**SUMAR ÚTSALA 48.900**
FULLT VERÐ 68.900

Nature's Bedding

- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir

## IBIZA
hornsófi með tungu

DORMA – býður góða nótt
**SUMAR ÚTSALA 169.900**
FULLT VERÐ 229.900

**ÚTSALA 60.000 KRÓNA AFSL.**



Stærð: 286 x 198 H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Hægri tunga á mynd.

## MILANO
hægindastóll

**ÚTSALA 50% AFSLÁTTUR**

DORMA – býður góða nótt
**SUMAR ÚTSALA 24.950**
FULLT VERÐ 49.900



Brúnt tauáklæði

## AFTON
hægindastóll með skemli

**ÚTSALA 40% AFSLÁTTUR**



DORMA – býður góða nótt
**SUMAR ÚTSALA 59.900**
FULLT VERÐ 99.900

## MONTARIO svefnsófi

DORMA – býður góða nótt
**SUMAR ÚTSALA 79.900**
FULLT VERÐ 99.900



**ÚTSALA 20.000 KRÓNA AFSL.**

Stærð: 158 x 90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Dýnustærð 140x200 cm. Rúmfatageymsla

## DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður

**ÚTSÖLUVERÐ: 13.230**
Fullt verð: 18.900,-

## DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður

**ÚTSÖLUVERÐ: 3.430**
Fullt verð: 4.900,-



**ÚTSALA 30% AFSLÁTTUR**

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

## MORGUNMATURINN



**Hrein jógúrt eða ab-mjólk, ásamt múslíi og niðurskornum ávöxtum, fleytir mér inn í daginn!**

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir rithöfundur.

# Halo-bíómynd tekin á Íslandi

150 manna tökulið er nú að störfum á Suðurlandi við tökur á myndinni Sepia.

Kvikmyndin Sepia, sem byggð er á tölvuleiknum Halo, er nú í tökum á Íslandi samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Heimildir blaðsins herma einnig að íslenska framleiðslufyrirtækið Pegasus aðstoði tökuliðið sem telur um 150 manns, bæði heimamenn og erlenda fagmenn.

Myndin er tekin upp á Suðurlandi að einhverju leyti og verður tökuliðið að störfum hér á landi í þrjár vikur samkvæmt heimildum blaðsins. Á blaðamannafundi Microsoft, sem á Halo, fyrir stuttu kom fram að kostnaður við myndina yrði meira en tíu milljónir Bandaríkjadala, rúmur milljarður króna. Er myndin því stór á íslenskan mælikvarða.

Leikstjóri myndarinnar er Sergio Mimica-Gezzan, sem leikstýrði nokkrum þáttum af Battlestar Galactica, Prison Break og Heroes. Handritshöfundur er Paul Scheurig sem skrifaði handrit nokkurra þátta af Prison Break. Myndin er framleidd af Scott Free Productions sem er í eigu stórleikstjórans Ridleys Scott. Tökur á myndinni fóru einnig fram á Norður-Írlandi fyrir stuttu en myndin lítur dagsins ljós í lok þessa árs samkvæmt vefsíðunni Collider. - lkg

➜ Halo er einn vinsælasti tölvuleikur í heimi. Halo 3 var valinn leikur ársins 2007 af tímaritinu Time og Halo: Combat Evolved var valinn besti Xbox-leikur allra tíma af vefsíðunni IGN í mars sama ár.



**MIKILL HASAR** Plakat kvikmyndarinnar Halo 4: Forward Unto Dawn frá árinu 2012.

# Átti það til að lesa Arnald á vellinum

Bryndís Stefánsdóttir, kærasta knattspyrnukappans Arons Jóhannssonar, er komin til Sao Paulo í Brasilíu til að fylgjast með sínum manni með landsliði Bandaríkjanna á HM. Aron er fyrsti Íslendingurinn sem spilar á heimsmeistaramóti í knattspyrnu.

„Stemningin hér er svakaleg og ólík öllu því sem ég hef áður upplifað,“ segir Bryndís Stefánsdóttir, kærasta Arons Jóhannssonar, sem spilar fyrir hönd Bandaríkjanna á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu um þessar mundir. Aron valdi eins og kunnugt er að spila fyrir bandaríska landsliðið en hann er með tvöfalt ríkisfang og gat því valið á milli Íslands og Bandaríkjanna. Hann er því fyrsti Íslendingurinn til að spila á HM í knattspyrnu.

Bryndís segir að þegar legið hafi ljóst fyrir að Aron yrði í bandaríska landliðshópnum hafi fjölskyldan ákveðið að halda til Brasilíu og styðja við bakið á honum og landsliðinu. Það var svo strax í fyrsta leik Bandaríkjanna í riðlakeppninni að Aron fékk að spreyta sig á vellinum en sóknarmaðurinn Jozy Altidore meiddist snemma í leiknum og var Aroni í kjölfarið skipt inn á.

„Tilfinningin að sjá hann koma inn á var mjög óraunveruleg en á sama tíma var ég að rifna úr stolti og var alveg virkilega ánægð fyrir hans hönd. Ég sat algjörlega stjörf og horfði á allan leikinn en það gerist alls ekki oft,“ segir Bryndís, sem sjálf hefur engan brennandi áhuga á íþróttinni og átti það meira að segja til að taka með sér bækur á völlinn.

„Þegar Aron spilaði með AGF í Danmörku var ég í Verzló en þurfti að nýta hvern tíma til þess að læra því ég var mikið frá skólanum. Þetta voru því mestmegnis skólabækur en það kom alveg fyrir að Arnaldur fékk að fylgja með á völlinn. Ég hef þó ekki enn þorað að mæta með bók á völlinn hjá AZ Alkmaar og bækurnar eru algjör óþarfi á HM.“

Fjölskyldan hélt út hinn 19. júní og var mætt á völlinn þegar Bandaríkin mættu Portúgal í öðrum leik riðilsins. „Það var algjörlega magnað að heyra alla bandarísku stuðningsmennina hvetja liðið, þeir eru með svakalegt stuðningslið. Við erum í Sao Paulo og hér er fólk úti um allt í landsliðstreyjum sinna liða með fána og í þvílíku stuði,“ segir Bryndís, en íslenski stuðningshópurinn verður í Brasilíu fram að mánaðamótum og ætlar svo að taka ákvörðun um framhaldið.

kristjana@frettabladid.is



**TIL Í SLAGINN** Móðir Arons, Helga Guðmundsdóttir, Bergþóra Tómasdóttir, móðir Bryndísar, Bryndís og faðir hennar, Stefán Eyjólfsson, keyptu sér bandarískar landsliðstreyjur fyrir leikinn á móti Portúgal. Leiknum lauk með 2-2 jafntefli.



**NÚMER NÍU** Bryndís teiknaði treyjunúmer Arons á kinnina fyrir leikinn en Aron spilar í treyju númer níu.

## Svona komast Bandaríkin í 16-liða úrslit í Brasilíu

Bandaríska liðið á möguleika á því að komast áfram í 16 liða úrslit.

Liðið er með fjögur stig eftir tvo leiki eins og Þjóðverjar en liðin tvö mætast í lokaumferðinni. Gana og Portúgal eru bæði með eitt stig. Verði tvö lið jöfn að stigum í 2. og 3. sæti gildir reglan um fleiri mörk skoruð. Bandaríkjamenn eru búnir að skoða fjögur mörk, Gana þrjú og Portúgal eitt.




Þriðjudags
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali. Ef þú sækir.
Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflettan botn.
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
ÍTALÍA: Ferskur mozzarella, kirsuberjatómatar og basilpestó
WWW.DOMINOS.IS
DOMINO'S APP
SÍMI 58 12345

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Með Magga Legó í skottinu

Það var heldur betur stuð í nafnlausu listastúdíói Grandabræðra á sunnudaginn en þar fór fram heljarinnar eftirpartí eftir Secret Solstice-hátíðina. Hátíðargestir voru margir hverjir mættir í veisluna stuttu eftir að Kerri Chandler kláraði hátíðina en þá vantaði tónlist í partíið. Því var snögglega kippt í liðinn þegar **DJ Margeir**, sem heldur tónleika í Bláa lóninu í kvöld, mætti á Land Rover Defender með Magga Legó í skottinu. Stuttu eftir það mætti DJ Yamaho og þeytti skífum ásamt Margeiri. Athygli vakti þegar gamlir rapparar mættu fyrir utan partíið og Unnsteinn Manúel stýrði svokölluðu „rapp-battli“ þeirra KáJoð og Egils Tiny, veislugestum til mikillar skemmtunar. Það var síðan Reykjavíkurdóttirin Tinna Sverrisdóttir sem steig á milli gömlu rapparanna og að sögn viðstaddra stóð uppi sem sigurvegari.



- bþ

### Gæfusamur ráðherra

**Hanna Birna Kristjánsdóttir** innanríkisráðherra sendi eiginmanni sínum, Vilhjálmi Jens Árnasyni heimspekingi, fallega afmæliskveðju á Facebook í gær. „Mín mesta gæfa er að hafa kynnst þessum einstaka manni – sem í dag fagnar 50 góðum árum. Ég hlakka til að eyða með honum deginum, lífinu og framtíðinni,“ skrifaði Hanna Birna. Kveðjur til þeirra hjóna vegna tímamótanna skiptu hundruðum á Facebook í gær.



- jme

## Mest lesið VÍSIR

1 Kökusneið á 1290 krónur: Hræddur um að græðgin leiði okkur í ógöngur
2 Límmiði á bíl í Eyjum: Lækkum skatta skjóttu listamann
3 Aron og félagar sekúndum frá 16 liða úrslitunum - Portúgal jafnaði í blálokin
4 Fjölskylda staðin að verki við spellvirki
5 Moska, sýnagóga og kirkja undir sama þaki




